

Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur
Klapparholt (Norðlingaholt), Austurheiði, Úlfarsá
og Hamrahlíðarlönd

Kristbjörn Egilsson ritstj., Haukur Jóhannesson, Jóhann
Óli Hilmarsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson

Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur

Reykjavík, maí 1996



Náttúrufræðistofnun Íslands

ÁGRIP

Fjallað er um jarðfræði, gróðurfar og fuglalíf í austurlandi Reykjavíkur. Svæðið nær yfir Klapparholt (Norðlingaholt), Austurheiði, Úlfarsá og Hamrahlíðalönd. Það liggur í 70-270 m hæð yfir sjó og er um 20 km². Markmið þessarar úttektar var að meta ofangreinda náttúrufarsþætti í tengslum við skipulag svæðanna.

Jarðlögum svæðisins má skipta í tvennt eftir gerð og aldri. Annars vegar eru grágrytishraun frá hlýskeyðum síðla á ísöld og einkenna þau Austurheiði og Klapparholt (Norðlingaholt). Hraunin eru þrjú að tölu. Hins vegar er jarlagastafla frá miðbiki ísaldar og einkennist hann af hraunlögum sem runnið hafa á hlýskeyðum og fremur þunnum móbergs- og jökulbergslögum sem myndast hafa á jökulskeyðum.

Sprungur og misgengi liggja um svæðin frá SV til NA og eru þær nyrsti hlutinn af Krísuvíkursprungureininni. Flestar sprungurnar virðast ekki hafa hreyfst um þúsundir ára en nokkrar viðrast unglegar og hafa e.t.v. hreyfst á sögulegum tíma.

Gróðurfar einkennist af þurrlendi, aðallega mosapembu, mólendi (lyngmóar, starmóar og graslendi), kjarrlendi, bersvæðisgróðri og melum. Votlendi er aðallega mýrar, sem flestar hafa verið ræstar fram. Auk þess finnast ýmis smærri gróðurlendi t.d. jaðar, flög og blómlendi. Skráðar hafa verið 192 villtar íslenskar tegundir auk nokkurra ættkvísla og slæðinga. Á rannsóknasvæðinu er því að finna um 42, % íslensku flórunnar. Eftirtaldar tegundir hafa nokkra sérstöðu þ.e. gullkollur, fuglaertur og grámulla. Þrjár tegundir teljast sjaldgæfar þ.e. rauðberjalyng, skógarsmári og engjamura.

Á undanförunum áratugum hefur fuglalíf á Innnesjum verið rannsakað mikið og telst það vel þekkt samanboreið við flesta aðra landshluta. Þetta á þó einkum við um votlendi og strandsvæði en fuglalíf í mólendi hefur verið rannsakað mun minna. Því voru upplýsingar um fugla í austurlandi Reykjavíkur fremur rýrar áður en ráðist var í athuganir sumarið 1995. Þær beindust að því að fá yfirlit um varpfugla á svæðinu og fóru því aðallega fram frá lokum maí og fram í júlí. Einnig var unnið úr nýlegum athugunum frá Úlfarsárdal en þær ná til allra árstíða. Loks var stuðst við ýmsar eldri athuganir höfunda og gagnabanka Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Um 54 fuglategundir hafa verið skráðar á athugunarsvæðinu, þar af eru 12 flækingar eða sjaldgæfir gestir, 10 eru algengir eða árvissir gestir. A.m.k. 33 tegundir hafa orpið á svæðinu, þar af eru 26-30 árvissir varpfuglar. Fuglalíf er fjölskrúðugast í grennd við Úlfarsá en fáskrúðugast í mólendi Austurheiðar. Þéttleiki sumra tegunda þar er hins vegar mikill og fuglalíf þar í sókn í kjölfar friðunar lands fyrir beit.

Fjallað er um náttúrvernd og athyglisverða staði. Lagðar eru fram tillögur um verndun nokkurra svæða með það í huga að skilja eftir dæmi um villta náttúru í nánd við þéttbýli og ræktuð útivistarsvæði. Á þann hátt verður hægt að stuðla að hámarks fjölbreytni náttúrufars innan svæðisins. Fjallað er um hvernig umgengni um þessi svæði í grófum dráttum verði best háttáð. Þessi svæði eru meðfram Bugðu, tenging milli Klapparholts og Rauðhóla. Svæði meðfram Úlfarsá, Starmýri og svæðið milli Reynisvatnsáss annars vegar og Hádegishæðar og Nónáss hins vegar þar með talið Reynisvatn.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	2
EFNISYFIRLIT	3
INNGANGUR	5
2 YFIRLIT	5
2.1 Staðhættir	5
2.2 Jarðsaga	7
2.3 Gróðurfar	9
2.3.1 Gróðurkort	9
2.3.2 Flóra	11
2.4 Fuglalíf	13
3 KLAPPARHOLT (NORÐLINGAHOLT)	15
3.1 Jarðfræði Klapparholts	15
3.2 Gróðurfar Klapparholts	15
3.3 Fuglar Klapparholts	17
3.4 Spendýr á Klapparholti	19
3.5 Náttúruvernd og athyglisverðir staðir á Klapparholti	19
4. AUSTURHEIÐI	22
4.1 Jarðfræði Austurheiðar	22
4.2 Gróðurfar Austurheiðar	22
4.3 Fuglar Austurheiðar	25
4.3.1 Heiðalöndin	25
4.3.2 Vötnin	27
4.3.4 Trjáræktarreitir	29
4.4 Náttúruvernd og athyglisverðir staðir í Austurheiði	29
5 ÚLFARSÁ	31
5.1 Jarðfræði við Úlfarsá	31
5.2 Gróðurfar við Úlfarsá	32
5.3 Fuglar við Úlfarsá	33
5.4 Annað dýralíf við Úlfarsá	36
5.5 Náttúruvernd og athyglisverðir staðir við Úlfarsá	36
6 HAMRAHLÍÐALÖND (ÚLFARSFELL)	39
6.1 Jarðfræði Hamrahlíðalanda	39
6.2 Gróðurfar Hamrahlíðalanda	39
6.3 Fuglar Hamrahlíðalanda	40
6.4 Spendýr í Hamrahlíðalöndum	41
6.5 Náttúruvernd og athyglisverðir staðir í Hamrahlíðalöndum	41
7 RITASKRÁ	42
8 VIÐAUKAR	44
1. viðauki. Flóra Klapparholts, Austurheiðar, Úlfarsár og Hamrahlíðarlanda	44
2. viðauki. Yfirlit um fuglalíf í austurlandi Reykjavíkur	48
3. viðauki. Fuglar skráðir á Klapparholti (Norðlingaholti) og Bugðu að Elliðavatnsvegi við Rauðhóla	49
4. viðauki. Fuglategundir í Austurheiði	50

5. viðauki. Mat á þéttleika mófugla í Austurheiði	51
6a. viðauki. Fuglatalningar við Úlfarsá. Frá Hafravatni að Vesturlandsvegi	52
6b. viðauki. Fuglatalning á Úlfarsá frá upptökum til ósa	53
6c. viðauki. Fuglatalning á Úlfarsá frá upptökum til ósa	54
7. viðauki. Fuglar við Úlfarsá	55
8. viðauki. Fuglar í Hamrahlíðalöndum	60

SKRÁ YFIR TÖFLUR

1. tafla. Fjöldi háplöntutegunda í austurlandi Reykjavíkur	11
2. tafla Þéttleiki mófugla í Austurheiði sumarið 1995	27
3. tafla Fuglategundir í Austurheiði	28
4. tafla Fuglategundir við Úlfarsá	34

SKRÁ YFIR MYNDIR

1. mynd. Yfirlitsmynd af austurlandi Reykjavíkur	6
2. mynd. Krísuvíkursprungureinin og fornar megineldstöðvar í nágr. Reykjavíkur	8
3. mynd. Gróðurkort af austurlandi Reykjavíkur	10
4. mynd. Útbreiðsla sjaldgæfra háplöntutegunda	12
5. mynd. Jarðfræðikort af austurlandi Reykjavíkur	16
6. mynd. Sprungur og misgengi í austurlandi Reykjavíkur	18
7. mynd. Náttúruverndarkort af austurlandi Reykjavíkur	21
8. mynd. Fuglatalningasnið í Austurheiði	26

INNGANGUR

Síðari hluta vetrar 1995 fór Borgarskipulag Reykjavíkur þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands að gerð yrði áætlun um náttúrufarskönnun á óbyggðum svæðum í austurhluta lögsagnarumdæmis Reykjavíkur þ.e. á Klapparholti (Norðlingaholti), í Austurheiði, við Úlfarsá og í Úlfarsfelli. Lögð skyldi áhersla á að safna gögnum um jarðfræði, gróðurfar og fuglalíf. Borgarskipulag og Borgarverkfræðingur ákváðu f.h. Reykjavíkurborgar að náttúrufarskönnunin færi fram og voru samningar um verkið undirritaðir 19. júní 1995.

Markmið rannsóknanna var að afla upplýsinga og taka saman skýrslu um ofangreinda náttúrufarsþætti, meta þá og koma með tillögur sem síðan gætu nýttst við skipulag svæðanna. Sú skýrsla sem hér birtist var skrifuð á tímabilinu nóvember 1995 til apríl 1996. Samstarfsmenn og tengiliðir fyrir hönd Borgarskipulags voru Björn Axelsson og Ingibjörg Kristjánsdóttir. Einnig sýndu Umhverfismálaráð borgarinnar og Jóhann Pálsson garðyrkjustjóri málinu mikinn áhuga allt frá því að það kom fyrst til umræðu.

Mat á stöðu mála og tillögur í skýrslunni byggjast á eftirtöldum atriðum:

- Að landslag, landmótun og ytra form svæðisins haldi sér, þannig að heildarsvipur og tenging við byggð verði eðlileg.
- Að hluta náttúrulegra gróðurlenda á svæðinu verði leyft að þróast áfram á eigin forsendum og að svæði sem hafa orðið fyrir breytingum, t.d. vegna framræslu, verði færð til fyrra horfs (uppfylling skurða). Á þann hátt verður hægt um ókomin ár að skoða allar þær villtu plöntutegundir sem vaxa á svæðinu í réttu umhverfi.
- Að hið fjölbreytta fuglalíf fái að dafna áfram eftir eigin lögmálum. Forsenda þess er að varðveita helstu varp- og fæðuöflunarssvæði þeirra, svo og set- og hvíldarstaði.
- Að merkar jarðfræðiminjar fái að halda sér.
- Að íbúar hafi tækifæri til þess að komast út í tiltölulega óspillta náttúru skammt frá heimilum sínum, sér til heilsubótar, skemmtunar og fróðleiks.
- Að nemendur og kennarar geti sótt þekkingu og fræðslu á vit villtrar náttúru á svæðinu.


2 YFIRLIT

2.1 Staðhættir

Rannsóknasvæðið er í norðausturhluta lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, 70 - 270 m hæð yfir sjávarmáli og er alls um 20 km² (1. mynd). Hafa ber í huga að allar flatarmálsstærðir eru áætlaðar af kortum en ekki mældar með tölvutækni. Að vestan markast svæðið af Breiðholtsbraut, Rauðavatni, austurmörkum golfvallar í Grafarholti og síðan Vesturlandsvegi að mörkum Mosfellsbæjar. Að norðan fylgja mörkin

1. mynd.

YFIRLITSMYND AF AUSTURLANDI REYKJAVÍKUR



löndum þessara tveggja sveitarfélaga um Úlfarsfell og Úlfarsá. Austurmörkin liggja frá Úlfarsá um vestanvert Langavatn að Stóra-Skyggni, þaðan um Hoffmannaflöt og að Suðurlandsvegi. Hólmsá og Elliðavatn afmarka síðan svæðið til suðurs.

Stærsti hluti rannsóknasvæðisins, Austurheiðin, er 75-125 hæð yfir sjó. Norðurhlutinn nefnist Reynisvatnsheiði, suðvesturhlutinn Grafarheiði og suðausturhlutinn Hólmsheiði. Skiptast þar á lágir ávalir ásar með lægðum á milli. Má þar nefna Hádegishæð norðan við Rauðavatn (120 m), Hádegishæð suðaustan við Reynisvatn (138 m), Skálahnjúk (125 m), Mjóadalshæð (140 m), Nónás (120 m), Stóra-Skyggni (147 m) og Reynisvatnsás (130 m). Norðar gnæfir Úlfarsfell (270 m). Af dölum og dældum má nefna Almannadal, Mjóadal, Djúpadal, Leirdal og Miðmundardal.

Rauðavatn (32 ha) og Reynisvatn (8 ha) eru bæði inni á svæðinu og vesturhluti Langavatns (42 ha). Þessi vötn hafa hvorki aðfall né útfall ofanjarðar. Elliðavatn (180 ha) er við suðurjaðar rannsóknarsvæðisins. Áin Bugða fellur í vatnið en efri hluti hennar kallast Hólmsá. Hafravatn (102 ha) er hins vegar utan rannsóknasvæðisins en þar eru upptök Úlfarsár. Bugða og Úlfarsá eru því einu árnar sem falla um svæðið og lækir finnast varla. Áberandi er hve vatnsborð í Rauðavatni og Langavatni hefur lækkað á undanförunum árum og tengist það sveiflóttri grunnvatnsstöðu á þessu svæði.


Hér á eftir verður fjallað um ofangreint svæði í fjórum hlutum: Klapparholt (Norðlingaholt), Austurheiði, Úlfarsá og Hamrahlíðarlönd (Úlfarsfell).

2.2 Jarðsaga

Höfuðborgarsvæðið er norðan og norðvestan við gosbeltið sem liggur eftir Reykjanesfjallgarðinum, frá Reykjanesi og upp í Hengil (Kristján Sæmundsson og Sigmundur Einarsson 1980). Þó svo að svæðið sé utan gosbeltsins gætir áhrifa þess, einkum með tvennum hætti. Annars vegar hafa hraun frá gosstöðvum í Bláfjöllum og á Hellisheiði runnið í átt til borgarlandsins. Hins vegar liggur sprungukerfi um neðanverða Heiðmörk, um Hólms- og Reynisvatnsheiðar og upp í Mosfellssveit.

Aðeins eitt hraun hefur runnið á nútíma um þau svæði sem nú eru innan skipulagðrar byggðar. Leitahraun rann fyrir um 4.500 árum og á upptök sín í gígnum Leiti (flt.) suðaustur undir Bláfjöllum (Jón Jónsson 1971). Hraunið rann niður á Sandskeið og þaðan með farvegum Hólmsár og síðan Elliðaáa allt í sjó fram í Elliðavogi. Rauðhólar eru gervigígar sem mynduðust er hraunið rann yfir mýri eða út í grunnt vatn. Allmörg hraun hafa aftur á móti runnið frá Bláfjöllum og þekja þau mestallt Heiðmerkursvæðið. Síðast gaus þar á síðari hluta tíundu aldar og mun ein hrinn hafa verið um árið 1000 sem getið er í Kristnisögu (Sigmundur Einarsson o.fl. 1991).

Eldstöðvar í Reykjanesgosbeltinu eru ekki jafndreifðar heldur raða sér í afmarkaðar reinar sem stefna NA-SV og liggja því skáhallt á gosbeltið (2. mynd). Á Reykjanesskaga eru fjórar reinar, yst er Reykjanesrein, þá Trölladyngja/Krísuvík, síðan Brennisteinsfjöll og austast er Hengilsreinin (Haukur Jóhannesson 1985). Nærri miðju flestra reinanna er eldvirkni mest og þar hefur orðið meiri upphleðsla gosefna en annars staðar. Í öðrum landshlutum þróast þessar upphleðslumiðjur í svonefnda megineldstöð og það hefur raunar gerst með Hengilsreinina. Einkenni megineldstöðva



2. mynd. Krísuvíkursprungureinin og fornar megineldstöðvar í nágrenni Reykjavíkur. Sprungureinin er skyggð.

er mikil upphleðsla, fjölbreytt gosefni svo sem andesít og líparít og öflug háhitavirkni. Reinarnar vestan við Hengil hafa sum einkenni megineldstöðva, þar eru til dæmis háhitasvæði og allmikil upphleðsla gosefna. Þar er hins vegar ekkert andesít og líparít.

Trölladyngju/Krísuvíkurreinin liggur frá Krísuvík, um neðanverða Heiðmörk og Hjalla, um Hólms- og Reynisvatnsheiðar, Úlfarsfell og Hafrafell, Mosfellssveit og upp í Esju. Fjöldi misgengja og sprungna er mestur nærri gosbeltinu en fækkar er fjær dregur. Um síðustu umbrot á þessu kerfi eru ekki til áreiðanlegar heimildir. Þó má ætla að það hafi gerst í umbrotunum sem urðu á Trölladyngju-Krísuvíkursvæðinu 1151 og 1188 (Sigmundur Einarsson o.fl. 1991). Þá urðu þar mikil eldgos, m.a. runnu Ögmundarhraun og Kapelluhraun, sem nefnd hafa verið Krísuvíkureldar. Verði meiriháttar umbrot í Krísuvík má búast við að áhrifa þeirra geti gætt ofan Elliðaáa.

Berggrunnur á höfuðborgarsvæðinu hefur allur myndast á svonefndri ísöld sem hófst á Íslandi fyrir um 3,1 milljón ára. Á ísöldinni skiptust á hlýskeið þegar loftslag var svipað og verið hefur síðustu árpúsundin og jökulskeið.

Jarðlög ofan Elliðaáa skiptast í tvo meginflokka. Annars vegar eru grágrýtishraun frá hlýskeiðum síðla ísaldar (Árni Hjartarson 1980) og hins vegar hraun og móberg frá miðbiki ísaldar (Leó Kristjánsson o.fl. 1991). Í fyrri flokknum eru jarðlögin nokkur hundruð þúsunda ára gömul en í þeim síðari um tveggja milljón ára. Yngri jarðlögin er að finna í Klapparholti og í Hólms- og Reynisvatnsheiðunum en þau eldri í Úlfarsfelli.

2.3 Gróðurfar


2.3.1 Gróðurkort

Gróðurkort af Innnesjum er til í mælikvarðanum 1:25000 (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1988a og b og 1989a og b). Á 3. mynd er birtur sá hluti kortsins sem sýnir rannsóknasvæðið og næsta nágrenni. Þar sést að meginhluti svæðisins er gróinn og gróðurfarið er tiltölulega einsleitt. Þurrlendi er ríkjandi, en votlendi sjaldgæft.

Þurrlendið skiptist í mosapembu, mólendi (lyngmóar, staramóar og graslendi), kjarrlendi og gróðurlítið land (bersvæðisgróður og melar). Votlendið er aðallega mýrar og svokallaður jaðar eða deiglendi en svo kallast gróðurlendi sem er á mörkum votlendis og þurrlendis. Auk þess eru á svæðinu smærri gróðurlendi sem ekki koma fram á korti í þessum mælikvarða t.d. flög og blómlendi.

Mosapemba er algeng í Austurheiði, finnst um allt og er oftast á þeim svæðum sem standa hæst. Í mosapembu vaxa tegundir sem þola vel óblíð skilyrði. Einkennistegund er gamburmosi (*Racomitrium* spp.) og nær þekja hans yfirleitt 50-100%. Innan um mosann vaxa háplöntur á stangli. Af grösum má nefna túnvingul, blávingul, titulíngresi, vallarsveifgras, stinnastör, móasef, vallhæru og þursaskegg. Smávaxnir runnar t.d. krækilyng, bláberjalyng, grasvíðir, beitleyng og grávíðir eru víða. Af blómplöntum má nefna lambagras, ljónslappa, geldingahnapp, bláberjalyng, melablóm, músareyra, vallhæru, axhæru, túnsúru, túnfífla, lambagras, brjóstagras, blóðberg og þúfusteinbrjót.

3. mynd. Gróðurkort af austurlandi Reykjavíkur



Mólendi er meira og minna jafndreift um allt svæðið og einkennist af þurru og oft nokkuð þýfðu landi. Lyngtegundir eru ríkjandi (lyngmói), t.d. krækilyng, beitleyng, sortulyng og bláberjalyng. Annars staðar eru grös ríkjandi í mótum (grasmói, graslendi), t.d. týtulíngresi, blávingull, túnvingull, bugðupunktur og hálíngresi. Einnig finnast svæði þar sem stinnastör er ríkjandi og er slíkt land nefnt stinnastararmói.

Kjarrlendi. Stærstu svæðin þar sem kjarr ríkir er norðan og austan við Rauðavatn og syðst á Norðlingaholti. Þessi svæði hafa verið í ræktun lengi og þar er að finna villtar íslenskar tegundir eins og birki, gulvíði, loðvíði og grávíði í bland við ræktaðar tegundir einkum furu og greni.

Votlendi. Stærstu votlendissvæðin eru við Úlfarsá en meirihluti þeirra hefur verið ræstur fram og því á votlendisgróður þar víða erfitt uppdráttar. Auk þess er veruleg hrossabeit sumstaðar á þessu svæði. Eina óskerta votlendissvæðið sem eitthvað kveður að er Starmýri milli Langavatns og Reynisvatns. Meðal einkennistegunda votlendis eru mýrastör, tjarnastör, engjarós, horblaðka, klófífa vetrarkvíðastör og hengistör.


Bersvæðisgróður (melar) er algengur á svæðinu austan við Almannadal, á Grafaholti og vestan undir Úlfarsfelli. Á melunum er þekja gróðurs lítil og eiginlegur jarðvegur fátæklegur þar sem mól, steinar og grjótt þekja yfirborð. Háplöntutegundir standa strjált og tiltölulega langt er milli einstaklinga. Í þessu gróðurlendi er hins vegar oft að finna fjölmargar tegundir en þær eru yfirleitt smávaxnar, skríða með jörðu, eða mynda litlar þúfur. Þær eru jafnframt harðgerðar og aðlagaðar þessum óblíðu skilyrðum. Víða sjást þess merki að melarnir eru teknir að gróa upp vegna friðunar. Oft er grjótt þakið fléttum, einkum hrúðurfléttum og mosar eru einnig algengir á grjótinu. Gróðurþekja og tegundafjölbreytni er því allmikil á melunum og miklu meiri en í virðist við fyrstu sýn. Á melunum vaxa m.a. axhæra, músareyra, blóðberg, ólafssúra, geldingahnappur, melablóm, blávingull, túnvingull, holurt, krækilyng, beitieski og holtasóley.

2.3.2 Flóra


Háplöntur voru skráðar á vettvangi á þar til gerða lista. Alls fundust 190 villtar íslenskar tegundir auk ættkvísla túnfífla, undafífla og vatnsbrúða. Samtals eru þetta 198 tegundir (1. tafla). Talið er að á Íslandi vaxi 458 tegundir að meðtöldum 20 tegundum undafífla (Hörður Kristinsson 1986, Bergþór Jóhannsson 1989). Á rannsóknasvæðinu er því að finna um 42% íslensku flórunnar. Auk villtu tegundanna voru skráðir þeir slæðingar sem rekist var á en ekki var leitað eftir þeim sérstaklega. Í 1. viðauka, aftast í þessari skýrslu, er listi yfir allar þær tegundir háplantna sem voru skráðar eða safnað á svæðinu.

1. tafla. Fjöldi háplöntutegunda í austurlandi Reykjavíkur


		A u s t u r h e i ð i					
	Norð- linga- holt	Grafar- heiði	Hólms- heiði	Reynis- vatns- heiði	Úlfarsá	Úlfars- fell	Samtals
Fjöldi tegunda	135	121	96	106	138	131	198




Anthyllis vulneraria
Gullkollur



Vaccinium vitis-idaea
Rauðberjalyng



Lathyrus pratensis
Fuglaertur



Potentilla erecta
Engjamura

4. mynd. Útbreiðsla sjaldgæfra háplöntutegunda

Erfitt er að segja til um með nokkurri vissu hversu algengar tegundir eru á tilteknu svæði, nema því sé skipt í reiti og tegundir skráðar kerfisbundið innan þeirra. Slík skráning er bæði tímafrek og dýr og ekki var kostur að vinna á þann hátt hér. Þó er ljóst að tegundir eru misalgengar. Margar finnast víða, flestar eru nokkuð algengar og tiltölulega fáar eru sjaldgæfar fyrir svæðið í heild. Á rannsóknasvæðinu má segja að flestar votlendistegundir séu sjaldgæfar en það stafar af því hversu votlendi er fátítt innan svæðisins.

Fáeinar tegundir hafa nokkra sérstöðu. Þar má fyrst nefna *gullkoll* sem vex hér og þar á svæðinu. Hann er frekar sjaldséður og staðbundinn hér á landi, aðalútbreiðsla hans er á Reykjanesskaga en aðrir fundarstaðir eru í ofanverðum Borgarfirði og á Austurlandi. *Fuglaertur* fundust á tveimur stöðum. Þær vaxa í öllum landshlutum en eru alls staðar sjaldgæfar. Báðar þessar tegundir tilheyra ertublómaætt. Á rótum þeirra lifa gerlar sem vinna köfnunarefni úr loftinu og bæta því jarðvegin. Þær gera því sama gagn og alaskalúpínan og hafa auk þess þann kost að vera smávaxnar þannig að þær dafna í sambýli við aðrar jurtir án þess að kaffæra þær (4. mynd).

Grámulla fannst aðeins á einum stað þ.e. í uppþornuðum botni Leirtjarnar og *skollafingur* fannst á Nónhæð. Í gömlu gróðrarstöðinni við Rauðavatn hafa fundist þrjár tegundir sem teljast sjaldgæfar, en það eru *rauðberjalyng*, *skógarsmári* og *engjamura*. Þá síðastnefndu fann Jóhann Pálsson árið 1973. (munnl. upplýsingar).

Þó að flestar tegundirnar séu algengar á svæðinu er vert að hafa í huga að miklar breytingar eru í vændum á næstu árum. Ef trjárækt á svæðinu tekst vel má búast við að stór svæði sem í dag eru klædd mólendi og mosapembu verði vaxin skógi eða kjarri. Þegar skógurinn þéttist mun mörgum tegundum sem nú eru algengar fækka.

Aðrar tegundir háplantna sem skráðar voru í þessari könnun eru algengar á landsvísu og hafa lítið verndargildi sem slíkar á þessu svæði.

2.4 Fuglalíf

Á undanförnum áratugum hefur fuglalíf á Innnesjum verið rannsakað mikið og telst það vel þekkt samanborið við flesta aðra landshluta. Þetta á þó einkum við um votlendi og strandsvæði en fuglalíf í mólendi hefur verið rannsakað mun minna. Því voru upplýsingar um fugla í austurlandi Reykjavíkur fremur rýrar áður en ráðist var í athuganir sumarið 1995. Þær beindust að því að fá yfirlit um varpfugla á svæðinu og fóru því aðallega fram frá lokum maí og fram í júlí. Einnig var unnið úr nýlegum athugunum frá Úlfarsárdal en þær ná til allra árstíða. Loks var stuðst við ýmsar eldri athuganir höfunda og gagnabanka Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Í nýlegri samantekt um varpfugla á Suðvesturlandi er m.a. fjallað um rannsóknarsvæðið (Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 1994). Varpfuglar voru skráðir skv. 10x10 km reitakerfi, þ.e. hver athugunarreit var 100 km². Allt austurland Reykjavíkur fellur í einn slíkan reit (3659) og er hann einn tegundaflesti reiturinn á Suðvesturlandi. Munar það mestu um auðug votlendi, t.d. við Elliðavatn, svo og strandsvæði með Sundum. Tæplega 40 tegundir hafa orpið í reitnum af þeim tæplega 80 fuglategundum sem orpið hafa á Suðvesturlandi, þar af eru rúmlega 30 árvissir varpfuglar.

Um 54 tegundir hafa verið skráðar á athugunarsvæðinu, þar af eru 12 flækingar eða sjaldgæfir gestir, 10 eru algengir eða árvissir gestir. A.m.k. 33 tegundir hafa orpið á svæðinu, þar af eru 26-30 árvissir varpfuglar (2. viðauki). Snjótittlingar urpu áður í Austurheiði og e.t.v. víðar á svæðinu en verpa nú aðeins með vissu í eggjum Úlfarsfells. Kjói varp í Austurheiði fyrir nokkrum árum en fannst ekki sumarið 1995. Líklegt má hins vegar telja að mófuglalíf sé í sókn í kjölfar friðunar lands fyrir beit. Þetta á því miður ekki við um nauðbeittu hrossahólfín meðfram Úlfarsá.

Fuglalíf er að jafnaði mest og fjölskrúðugast í grennd við votlendi og strendur. Úlfarsá og nágrenni skera sig frá öðrum hlutum athugunarsvæðisins og þarf að leggja sérstaka rækt við að halda í og varðveita náttúruleg einkenni árinna og næsta umhverfis. Annars staðar á svæðinu verpa mun færri tegundir og í mólendi í Austurheiði er fuglalíf fáskrúðugast. Þéttleiki sumra mófugla þar er hins vegar mikill og jafnast á sum fuglaauðugustu mólendi landsins.

3 KLAPPARHOLT (NORÐLINGAHOLT)

Vinnuheiti á þessu svæði við skipulag byggðar er Norðlingaholt. Nafnið Klapparholt er hins vegar á örnefnakorti (Guðlaugur R. Guðmundsson 1977) og verður það heiti notað í þessari skýrslu.

3.1 Jarðfræði Klapparholts

Í Klapparholti er aðeins eitt grágrýtishraunlag (5. mynd) sem er fremur fínkornað og að mestu dílalaust. Opnur í lagið eru fáar. Þetta lag nær yfir að Rauðavatni og virðist ganga inn undir Hólmsheiði. Í Klapparholti eru engar þær jarðfræðiminjar sem taka þarf sérstakt tillit til. Þó ber að varast rask nærri ánni sunnan við holtið. Ætla má að fjögur misgengi eða sprungur liggi um holtið (6. mynd) en gætu þó verið fleiri. Þessi brot virðast öll vera nokkuð gömul og ekki sjást þess merki að þau hafi hreyfst á nútíma (þ.e. síðustu 10.000 árin eða svo).


3.2 Gróðurfar Klapparholts

Klapparholt er allt gróið og er svæðið tæpur 1 km². Um miðja þess öld reis þar byggð sumar- og heilsárhúsa. Um tíma var rekin smábúskapur á svæðinu en nú halda menn þar einungis hross. Þessi landnýting hefur sett mark sitt á gróðurfar holtsins. Fyrir utan náttúrulegan gróður, aðallega mólendi og votlendi, er þar að finna vel ræktaða trjáreiti, beitta túnbletti, ábórið mólendi og svæði með reskigróðri.

Byggðin er þéttust á Klapparholtsmóum og Klapparholti. Þar eru túnskæklar og sumstaðar eru nær samfelld tún umhverfis útihús og smábýli. Annars staðar eru vanhirtir garðar og raskað land sem er að gróa upp.

Sunnan við þéttustu byggðina er graslendi með víðibrúskum hér og þar. Auk þess er þar að finna gróskulegan lyngmóa, allþýfðan. Sortulyng, beitleyng og móasef eru áberandi tegundir ásamt krækilyngi, bláberjalyngi, stinnastör og grasvíði. Fléttugróður setur víða svip á mólendið, einkum eru það ljósleitar tegundir af ættkvíslinni *Cladonia* ásamt fjallagrösum, kræðu og skófum (*Peltigera* spp.). Við Bugðu, austan við þéttustu byggðina, er flöt mýrastaramýri. Þar vex mikið af hrafnaklukku og mýrfjölu og setja þær mikinn svip á mýrina þegar þær eru í blóma fyrri hluta sumars. Af öðrum tegundum má nefna skriðlíngresi, hálmgresi, vallarsveifgras, engjarós, tágamuru, loðvíði, gulvíði og snarrótarpuntur sem eru hér og þar.

Enn sunnar á holtinu og nær Elliðavatni við Oddahól og Oddaskyggni er sumarhúsasvæði sem hefur verið friðað fyrir beit og ræktað lengi. Á þessum slóðum er gróðurinn hvað blómlegastur. Víða er kominn upp samfelldur birkiskógur. Sitkagreni, furur og stöku reyniviður setja einnig svip sinn á svæðið, ásamt gulvíði, grávíði og grasvíði. Trjánur hefur víða verið plantað í lyngmóa t.d. í brekku upp af Bugðu. Á milli trjáanna, þar sem trén eru nægilega gísín, er mólendið ákaflega gróskumikið og tegundir allar afar kraftmiklar. Má þar nefna bláberjalyng, krækilyng, sortulyng, beitleyng, hrútaberjalyng, túnfífla, undafífla, krossmöðru, ljónslappa og hálmgresi. Þarna hefur alaskalúpínu víða verið sáð og sjást þess greinilega merki að hún er farin að leggja undir sig velgróinn lyngmóa. Þar sem gróskan er hvað mest og blómplöntur verða hvað stærstar og blómlegastar má segja að jurtastóð hafi myndast.



Af tegundum má nefna blágresi, fjalldalafífil, sigurskúf, fjöllaufung, reyrgresi, rauðkoll, freyjubrá, þríhyrnuburkna, garðabruðu, fuglaertur og geitakál.

Milli Norðlingabrautar og Breiðholtsbrautar er mólendi og er það notað til beitar og áborið að hluta til. Þess vegna hafa hefðbundnar mólendistegundir víða hopað. Í staðinn hefur vöxtur grasa aukist mikið t.d. vallarsveifgras, túnvingull og blávingull. Sama er að segja um áburðasækna tvíkímblöðunga t.d. túnsúru, vegarfa, túnfífla, kornsúru og lokasjóð. Gulmaðra og krossmaðra eru einnig kröftugar. Annars staðar er lítil sem engin áburðargjöf og þar er mólendið því náttúrlegt, en allbitið.

Austan við Klapparholt liðast Bugða sem síðan fellur í Elliðavatn. Gengið var upp með ánni frá ósi og norður að Suðurlandsvegi þar sem áin skiptir um nafn og kallast Hólmsá.

Bugða fellur kyrrlát og lygn út í Elliðavatn, bakkar hennar eru yfirleitt um 50 sm háir, brattir og vel grónir beggja vegna árinna. Mýrastör, klófífa og hálmgresi eru algengar tegundir á árbakkanum ásamt tágamuru, krossmöðru, kornsúru og fjalldalafífli. Fergin og gulstör eru hér og þar í stórum breiðum og vaxa sumstaðar út í ána. Hófsóley og horblaðka dafna líka undir árbakkanum og á stöku stað nær horblaðka að þekja allstór svæði í ánni. Gulvíðir teygir sig út í vatnið hér og þar. Á blettum eru flagasóley, vatnsnál og lækjasef. Úti í sjálfri ánni vaxa sýkjamari og þráðnykra. Áin er víða alldjúp, ávallt lygn, en fremur straumþung.

Þar sem árbakkinn er lægri og vikóttur eru flög sem vatn flæðir yfir þegar mikið er í ánni en þau þorna síðan á milli. Flögin einkennast af sérstöku plöntusamfélagi og vaxa þar m.a. mýrasauðlaukur, flagasóley, naflagras, hnúskakrækil, axhæra, mýradúnurt, hrafnaklukka, lækjargrýta, skriðlíngresi, klóelfting, flagahnoðri, blómsef, skammkrækil, lyfjagras, skurfa, vorbrúða og hundasúra.


Handan við ána og utan við rannsóknasvæðið er gróskumikið votlendi með gulvíðibrúskum. Það er á áhrifasvæði árinna og tilheyrir friðlandinu í Rauðhólum (Náttúruuminjaskrá 1991). Hér er vert að minna á að Rauðhólar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1961. Árið 1974 voru þeir friðlýstir sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 530/1995. Sérstakar reglur gilda um fólkvanginn og hefur Umhverfismálaráð Reykjavíkur eftirlit með honum.

3.3 Fuglar Klapparholts

Mófuglar einkenna fuglalífið á holtunum en votlendisfuglar Bugðu og mýrarnar umhverfis hana. Á óbyggðu svæðunum eru heiðlóa, spói og þúfuttlingur algengustu fuglarnir. Stelkur og hrossagaukur finnast víða og tjaldur og sandlóa verpa þar sem kjörlendi er við hæfi. Rjúpa varp áður og gerir líklega enn í litlum mæli (3. viðauki). Hrafn verpur í Rauðhólum og sjást þeir tíðum á athugunarsvæðinu.

Í gördum umhverfis sumar- og íbúðarhús er skógarþröstur algengasti varpfuglinn. Starar hafa orpið í Baldurshagahverfi a.m.k. frá 1971. Steindeplar urpu í hlöðnum veggjum og gördum en þeim hefur nú fækkað. Mariuerlur eru algengar á mannvirkjum og auðnutittlingar eru strjálir varpfuglar í gördum.

6. mynd. SPRUNGUR OG MISGENGI Í AUSTURLANDI REYKJAVÍKUR



Fjölbreyttast og tegundaríkast er fuglalífið í votlendinu meðfram Bugðu sem er lífæð þessa svæðis. Grágæsin er einkennisfugl þessa flæðilands á sumrin og algengasti varpfuglinn. Álftr verpur stundum og urtönd, stökkönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd og toppönd eru sennilega árvissar. Þessir fuglar leita meira og minna á Bugðu með unga sína.

Jaðrakan og lóuþræll eru algengir vaðfuglar í votlendinu og óðinshani líklega árviss. Hettumáfur og kría verpa eitthvað á svæðinu. Um varp sílamáfs er ekki vitað, en hann sést oft. Aðrir máfar eru sjaldgæfari.

Að vetrarlagi svipar fuglalífinu nokkuð til sambærilegra staða norðar á rannsóknasvæðinu, Úlfarsfells og Úlfarsár (sjá 5.3 og 6.3). Ísalög eru þó mun meiri á Bugðu og því andfuglalíf ekki eins fjölskrúðugt þar á veturna og á Úlfarsá. Ýmsir aðrir fuglar eru gestir og sjást óreglulega. Þeirra er getið í 3. viðauka.

3.4 Spendýr á Klapparholti

Minkur er landlægur á vatnasviði Elliðaánna, húsamýs við hóbýli og hagamýs um allt.


3.5 Náttúruvernd og athyglisverðir staðir á Klapparholti

Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010 er gert ráð fyrir íbúðabyggð á Klapparholti. Á skipulagskortinu er gert ráð fyrir grænu belti meðfram Bugðu og á syðsta hluta holtsins þar sem sumarhúsin eru. Þetta græna belti fellur undir skilgreininguna almennt útivistarsvæði. Á 7. mynd eru markaðar útlínur tillagna að verndarsvæðum.

- Áin og bakkar hennar eru viðkvæmt svæði og vandi að tengja það byggð svo vel fari. Áin hefur þá náttúru að flæða yfir bakka sína í leysingum og fer þá yfir allstórt svæði. Lagt er til að áin fái að halda þessu eðli sínu þ.e.a.s. að ekki verði farið í neinar þær framkvæmdir sem breyta rennsli árinna. Ástæðan er sú að gróska flæðilandsins byggist á þessum flóðum sem veita vatni og næringu yfir svæðið. Því þarf að skipuleggja mörk byggðarinnar þannig að þau séu ekki það nálægt ánni að flóð nái til hennar.
- Huga þarf að frágangi garða þannig að áburðamengunar gæti sem minnst út í ána. Öll slík mengun mun hafa skaðleg áhrif á lífríki Elliðavatns og Elliðaánna. Skipuleggja verður árbakkann og ána í beinum tengslum við fólkvanginn í Rauðhólum, t.d. með göngubrúum og stígum sem falla vel að landslagi, því þetta svæði er ein náttúrufarsleg heild.
- Skipulagsyfirlönd í Reykjavík standa nú í fyrsta sinn frammi fyrir því að tengja friðlýst náttúruvætti við byggð og skiptir því miklu máli að vel takist til. Hér er í raun einstakt tækifæri til að skipuleggja byggð í sátt við óvenju fjölbreytt útivistarsvæði. Sjálfsgætt er að hafa samráð við Náttúruverndarráð í þeim málum sem viðkoma Rauðhólasvæðinu.

- Hin einstöku jarðfræðifyribæri í **Rauðhólum** og votlendið austan við **Bugðu** (Hólmsengjar) mynda sérstæða heild. Slíkt samspil í nánd við byggð er afar sjaldgæft. **Bugða** er hreint og tært vatnsfall og dregur til sín mikið fuglalíf. Áin og **vesturbakkinn** með náttúrlegum gróðri eru ein heild og einstakt útivistarsvæði í borgarlandinu. Hér er því lögð rík áhersla á að svæðið fái að njóta sín óbreytt og þar fari ekki fram nein ræktun. Jafnframt er lagt til að ræktun innan byggðarinnar verði háttað þannig að útsýni yfir ána og til Rauðhóla verði skert sem minnst.
- Gera má ráð fyrir að sumarhúsabyggðin syðst á svæðinu verði einhvern tíma lögð niður og það nýtt fyrir almenning. Það gæti orðið að hálfvilltum skógi með göngustígum og öðrum útivistarmöguleikum.
- Á byggingarsvæðinu sjálfu getur gróðurfarið vart talist sérstætt eða einstakt. Hins vegar er sjálfsagt að skipuleggja hverfið þannig að fallegustu trjáreitirnir fái að halda sér og að þeir falli eðlilega að byggðinni.
- Fuglalíf utan mýrlendisins og Bugðu er ekki á neinn hátt frábrugðið eða sérstætt miðað við sambærilega staði á Innnesjum og ekki þykir að ástæða sé til sérstakrar verndar þess. Hins vegar er ítrekað hér mikilvægi gildi votlendis við Bugðu og árið sjálfar fyrir lífríkið og til fræðslu og útivistar.

7. mynd. NÁTTÚRUVERNÐARKORT AF AUSTURLANDI REYKJAVÍKUR



4. AUSTURHEIÐI

4.1 Jarðfræði Austurheiðar

Í Austurheiði (Grafar- Reynisvatns- og Hólmsheiðum) eru a.m.k. þrjú aðskilin grágrytishraun (5. mynd). Neðsta og elsta hraunið er það sama og í Klapparholti. Ofan á það leggst mjög gróft lag með smáum ólvín dílum. Efsta lagið er aftur á móti yfirleitt alveg dílalaust og mun fínkornaðara en hin tvö. Öll hraunin eru vafalítið aðrunnin og upptaka þeirra að leita á Bláfjalla- og/eða Hengilsvæðinu. Aldur þeirra er líklega nokkur hundruð þúsund ár.

Í Austurheiði er mikið af misgengjum og sprungum. Þær sem óbyggjandi upplýsingar liggja fyrir um eru sýndar á 6. mynd en þær gætu hæglega verið fleiri. Þessar sprungur eru flestar fornar að sjá, hafa e.t.v. ekki hreyfst um þúsundir ára, sumar jafnvel ekki síðustu 10.000 árin. Fjórar smærri sprungur virðast unglegar því þær eru „opnar“ að hluta og með merki um niðurföll. Þær eru allar stuttar og verður að telja líklegt að þær séu í tengslum við stærri sprungur þar nærri sem þá hafa hreyfst á sama tíma. Nokkrar kannanir hafa verið gerðar á sprungum á þessu svæði og ber þeim að sumu vel saman og að öðru miður. Tvær þær nýjustu eru unnar fyrir Vegagerðina (Helgi Torfason 1994) og Borgarskipulag Reykjavíkur (Helgi Torfason og Halldór Torfason 1994).

4.2 Gróðurfar Austurheiðar

Austurheiði er víðáttumikið heiðaland (um 14 km²). Stærstur hluti hennar er þurrlendi þar sem lyngmóar, graslendi og mosapemba eru ríkjandi. Austurhlutinn er víða all blásinn og þar eru melar og bersvæðisgróður. Votlendi er fágætt. Stærsta mýrlendið er Starmýri, milli Reynisvatns og Langavatns.

Austurheiði skiptist í þrjár heiðar. Nyrst er Reynisvatnsheiði. Ofan við Rauðavatn er Grafarheiði og austan við hana, sunnan við Reynisvatnsheiði, er Hólmsheiði. Þessi skipting var höfð að leiðarljósi í grófum dráttum þegar gróðurfar var kannað.

Grafarheiði. Lagt var á heiðina frá norðaustri, skammt vestan við Mýraskyggni. Fyrst var gengið um mosapembu þar sem gamburmosi (*Racomitrium* spp.) er ríkjandi og hefur víða náð að mynda samfellda þekju. Innan um og í mosanum dafna margar tegundir háplantna. Má þar nefna titulíngresi, ilmrey, geldingahnapp, beitleyng, krækilyng, bláberjalyng, melablóm, stinnastör, músareyra, holtasóley, vallhæru, axhæru, blásveifgras, vallarsveifgras, túnvingul, blávingul, túnsúru, túnfífla, grasvíði, grávíði, lambagras, brjóstagras, blóðberg og þúfusteinbrjót.

Á þessum slóðum er votlendisblettur og hluti hans er innan girðingar einkalóðar. Í mýrinni vaxa nokkrar votlendistegundir sem annars eru sárasjaldgæfar á þessum slóðum. Ríkjandi tegundir eru mýrastör, ásamt hálmgresi, klófífu og engjarós. Hrafnaklukka og blátoppastör setja svip sinn á mýrina. Í henni vaxa einnig fjalldrapi og snarrótarpuntur. Furur hafa verið gróðursettar í mýrina innan girðingarinnar, en að sjálfsögðu eru þær flestar dauðar eða að veslast upp enda er kjörlendi þeirra þurrlendi.

Af sjónarhæð skammt þar frá sést að landmótunin er ávalar hæðir, sumar berangurslegar og klapparholt. Á holtum er víða mosapemba með berum leirskellum á

milli. Grjót og steinar eru allir vel grónir hrúðurfléttum og mosum. Sumstaðar er fléttan *Stereocaulon* áberandi. Blásin börð sjást víða, en þau eru flest að lokast og gróa saman. Á milli eru lægðir og í þeim er víða allþykkur jarðvegur. Gróðurfar í lægðunum einkennist af mólendi í ýmsum tilbrigðum og graslendi.

Haldið var til suðvesturs og stefnt á Hádegishæð norðan Rauðavatns. Á leiðinni var gengið fram á fallegar lyngbrekkur. Plöntur í þeim eru allar vöxtulegar og í miklum blóma. Áberandi eru beitylyng, bláberjalyng, krækilyng og grasvíðir. Ilmreyr, hálíngresi, vallhæra og bugðupunktur teygja sig upp úr lynginu. Þarna dafna einnig, blóðberg, gulmaðra, hvítmaðra, krossmaðra, hrútaberjalyng, kornsúra, tungljurt og ljónslappi. Þessar tegundir setja mikinn svip á brekkurnar með fjölbreyttum blómalit. Í sumum lyngmóunum er eski afar áberandi, með sínum sígrænu, liðskiptu, hörðu og gildu stönglum.

Í skjólsælum grasbrekkum eru hálíngresi, bugðupunktur, túnvingull, ilmreyr og títulíngresi ríkjandi grastegundir. Ýmsar mólendistegundir vaxa með þeim, margar hverjar þær sömu og nefndar voru að framan.

Hádegishæð ofan við Rauðavatn er berangurslegt klapparholt. Hæðin er einn besti útsýnisstaður Reykjavíkur. Undir henni eru gömul sumarhúsaland, sem mörg hafa verið í ræktun áratugum saman. Þarna er víða allmikill blómgróður og trjárækt veruleg.

Fjöruborð Rauðavatns er lágt og ströndin grýtt og lítt gróin. Í vatninu vex síkjamari og síðsumars myndar hann sumstaðar samfellda þekju í vatnsborðinu. Leirflög eru víða meðfram ströndinni og hafa sitt sérstaka gróðursamfélag. Af tegundum sem skráðar voru í flögum má nefna skriðlíngresi, naflagras, skurfu, mýrasef, klóelftingu, flagasóley, blómsef, skriðdeplu, mýradúnurt, flagahnoðra og síðast en ekki síst kattarjurt.

Austan við Rauðavatn undir Úlfhildarholti er gamall trjáræktarreitur sem stofnað var til árið 1901. Fjallafurur frá þeim tíma hafa flestar lokið hlutverki sínu og aðrar tegundir tekið við. Á þessu svæði er gróskumikill lyngmói ríkjandi þar sem opnur eru milli þéttra trjáreita.

Síðan var haldið austur fyrir trjáræktarreitinn og inn á svæðið sem ætlað er sem byggingarland og svo norður heiðina að þeim stað sem gangan hófst. Þarna er sumstaðar all berangurslegt, stöku gróðurforfur en bersvæðisgróður og mosapemba á milli. Þó jarðvegur sé lítill er landið allvel gróið á sinn hátt t.d. er grjót allt meira og minna þakið fléttum og mosum.

Hólmsheiði. Á háheiðinni og vesturhluta hennar eru stórir melar með bersvæðisgróðri sem virðast vera að gróa upp. Annars staðar eru lyngmóar með rofabörðum sem víða eru að lokast. Í heild er heiðin einsleg hvað gróðurfar varðar.

Á melunum vaxa m.a. axhæra, músareyra, blóðberg, ólafssúra, geldingahnappur, melablóm, blávingull, túnvingull, holurt, krækilyng, beitieski og holtasóley. Hróðurfléttur og mosar prýða nánast hvern stein og klett. Í móanum eru sortulyng, krækilyng og grasvíðir áberandi, ásamt holtasóley, krossmöðru, blóðbergi, bláberjalyngi, kornsúru, þursaskeggi, bugðupunti, móasefi, hálmgresi, títulíngresi,

vallhæru og ilmreyr. Fjallagrös og fléttur af ættkvíslinni *Cladonia* eru víða áberandi í móanum.

Á svæðinu umhverfis spennistöð Landsvirkjunar er mólendi með smárunnum einkum víði, en á milli eru melar. Farið var niður Mjóadal og er hann vel gróinn. Gróskulegur gulvíðir og loðvíðikjarr setja svip sinn á landið og blágresi og hrútaberjalyng eru áberandi. Vatnsrof er í dalnum, skammt ofan við ræktað tún.

Sunnan undir Hólmsheiði rennur Hólmsá og er fjölbreytt gróðurfar meðfram ánni. Þar finnast t.d. votlendis- og deiglendistegundir sem ekki vaxa á heiðinni sjálfri.

Reynisvatnsheiði. Farið var á heiðina að sunnanverðu og lagt upp þar sem vegurinn meðfram hitaveitustokknum og Almannadalsvegur mætast. Gengið var í áttina að Langavatni. Þessi leið liggur að mestu um mólendi, einkum lyngmó og graslendi eins og lýst hefur verið áður. Melar og bersvæðisgróður eru hér og þar. Vatnsborð Langavatns er lágt og fjaran stórgrýtt og ógróin. Þetta svæði virðist vera einhver harðbýlasti hluti Austurheiðar. Það sést m.a. á þeim trjágróðri sem hefur verið gróðursettur við sumarhús á svæðinu. Hann er allur kyrkingslegri og þróttlausari en annarsstaðar.

Frá Langavatni var haldið til vesturs og Starmýri skoðuð. Hún liggur í kvos eða dalverpi milli Langavatns og Reynisvatns. Komið var að suðurenda mýrarinnar. Mýrarjaðarinn er flatlendur faxinn mýrastör, vetrarkvíðastör, klófífu, hálmgresi og engjarós. Vetrarkvíðastörin var víða mjög gróskuleg og með óvenjulanga uppsveigða blaðsprotta (vetrarkvíða). Fyrir innan jaðarinn er mýrin kargapýfð. Mosarnir vörtuburi (*Sphagnum papillosum*) og fjóluburi (*S. subnitens*) mynda þúfurnar, en mikið af fjalldrapa og bláberjalyngi vex á þúfunum. Mýrastör stingur sér alls staðar upp úr þykku mosateppinu. Af öðrum tegundum sem þarna vaxa má nefna loðvíði, gulvíði, klófífu, tjarnastör, horblöðku, lyfjagras og hrafnaklukku. Þegar enn innar dregur í mýrina verður meira af tjarnastör og niður undir sumarhúsi sem stendur austan við mýrina verður hún ríkjandi.

Í norðurenda Starmýrar er tjörn. Næst henni er mýrin mjög blaut og minnir í ýmsu á flóa. Þarna ríkja vetrarkvíðastör og mýrastör ásamt mosanum *Scorpidium scorpioides*. Í tjörninni sjálfri vex grasnykra og í nyrðri endanum, við útfallið er vatnsnál. Litlir hólmar í tjörninni eru kögraðir engjarós og horblöðku.

Furðu vekur að í votlendinu við útfallið er víða búið að planta trjám, sem eiga sér þarna enga lífsvon. Mýrinni hefur verið spilt með girðingu sem liggur út í hana frá sumarhúsinu fyrirnefnda. Auk þess hefur verið ekið út í hana og settar niður stikur, en tilgangurinn með þeim er ekki kunnur ennþá. Þetta eru samt allt atriði sem auðvelt er að lagfæra.

Reynisvatnsás er norðan við Starmýri. Af honum er mikið og gott útsýni vestur yfir Reynisvatn að blásnum melunum í austanverðu Grafarholti, að Nónási og Hádegishæð. Þarna er landslag og gróðurfar all fjölbreytt. Brekkurnar niður að Reynisvatni eru velgrónar og víða grösugar. Sama er að segja um vatnsbakkann. Á honum vaxa t.d. mýrastör, hálmgresi, engjarós, tágamura, grasvíðir, kornsúra, blávingull, skarífífill, hrafnaklukka, mýrfjóla, brennisóley, krossmaðra, loðvíðir, klófífa, krækilyng, kattartunga og mýrasef. Ekki var þess kostur að kanna gróður

vatnsins, nema að því marki sem hægt var að vaða út og skoða reknar plöntur í fjöruborði. Þar fundust þrjár tegundir vatnsnál, sýkjamari og álftalaukur.

Áberandi er hversu gróður á vatnsbakkanum og næsta nágrenni er troðinn vegna ágangs veiðimanna í vatnið.

Gengið var á Nónás að norðanverðu. Hann er stórgrýttur efst og sumstaðar stórkarlalegar urðir, sem gefa honum sterkan svip. Grjót er allt þakið hrúðurfléttum og mosum, en á milli er mosapemba.

Hádegishæð er einnig áhugavert svæði. Þar er yfirleitt mosapemba og efst eru stórar jökulsorfnar klappir. Á Hádegishæð fannst skollafingur, en sú plöntutegund telst til jafnaættar, og er þetta eini fundarstaður þessarar tegundar á rannsóknasvæðinu.

Ekki var unnt að fara um Leirdal og nágrenni vegna stöðugra skotæfinga sem þar eru stundaðar.

4.3 Fuglar Austurheiðar

Upplýsingar um fuglalíf í Austurheiði byggjast fyrst og fremst á þeim athugunum sem gerðar voru sumarið 1995. Eldri upplýsingar um þetta svæði eru fremur litlar, nema hvað vötnin, og þá einkum Rauðavatn, hafa verið skoðuð talsvert á undanförunum áratugum.

Athuganir hófust í lok maí 1995 og var síðan fylgst með fuglalífi á vötnunum öðru hverju fram á haust. Skipulegar athuganir á heiðalöndunum fólust einkum í mati á þéttleika mófugla og fóru þær fram í júní. Talið var á alls 9 sniðum (8. mynd) sem voru 100-200 m breið og alls tæplega 10 km löng. Þessi aðferð gefur yfirleitt aðeins lágmarkstölu varpfugla á sniðinu en er handhæg til samanburðar við önnur svæði.

Fuglalíf er mest á svæðinu frá því á vorin og fram á haust (september-október). Hér verður því fyrst og fremst fjallað um þann árstíma, enda hafa skipulegar athuganir ekki verið gerðar á öðrum tímum. Tæplega 40 fuglategundir hafa verið skráðar á svæðinu, þar af eru 22 tegundir reglulegir varpfuglar (2. tafla). Þá verpa 6-7 tegundir öðru hverju eða eru hættar varpi. Aðrar tegundir eru gestir á svæðinu. Nánari grein er gerð fyrir einstökum tegundum í 4. viðauka.


Engar sjaldgæfar tegundir fundust á svæðinu sumarið 1995 en flórgoði varp fyrrum við Rauðavatn (sjá síðar). Fuglalíf í Austurheiði og nálægum vötnum telst fremur einhæft og stafar það fyrst og fremst af því að votlendi eru lítil og fábreytt. Þéttleiki sumra mófuglategunda er hins vegar mikill og á varptíma eru fuglar afar áberandi og auka til mikilla muna gildi þessa svæðis til útivistar. Hér á eftir verður rætt sérstaklega um fuglalíf á þremur helstu búsvæðunum sem eru: heiðalönd, vötn og trjáræktarreitir.

4.3.1 Heiðalöndin

Í Austurheiði er mólendi ríkjandi og dregur fuglalífið dóm af því. Einkennistegundir eru algengir mófuglar: heiðlóa spói, hrossagaukur og þúfuttlingur og er þær að finna um nánast allt svæðið. Þéttleiki spóa og heiðlóu var mikill og í herra lagi á landsvísu (2. tafla). Stelkar verpa við votlendisbletti, í grösugustu hvömmunum og í lúpínustóði.

8. mynd.

FUGLATALNINGASNIÐ Á AUSTURHEIÐI



Lóupræll er sjaldgæfur varpfugl í mýrlendi og hálfdeigju. Rjúpur verpa sennilega víða en þær voru lítt áberandi eftir miðjan júní er karrarnir skryddust sumarþúningi og hættu að hreykja sér á hólum og setþúfum.

2. tafla. Þéttleiki mófugla í Austurheiði sumarið 1995 (byggt á 5. viðauka)

Tegund	Pör á km ²	Athugasemdir
Rjúpa	2,7	Verpur lítið í því kjörlendi sem athugað var
Tjaldur	(0,8)	
Heiðlóa	42	
Hrossagaukur	18	
Spói	27	
Stelkur	6	
Þúfuttlingur	16	Verpur lítið í því kjörlendi sem athugað var
Steindepill	2,7	
Skógarþröstur	1,8	
Alls	118	

Skógarþrestir eru algengastir í trjáræktarreitum en móarnir eru fæðuöflunarsvæði. Steindepill er sjaldgæfur varpfugl í grýttustu holtunum. Snjótittlingar fundust ekki en urpu við Reynisvatn 1984. Tjaldur sást við Rauðavatn og hefur orpið þar og við Reynisvatn. Jaðrakan sást í Starmýri og varp 1984.

Auk framangreindra mófugla, urpu nokkur sílamáfspör á svæðinu og nokkrir tugir kríupara, aðallega í grennd við Rauðavatn. Kjóar og svartbakar sjást stundum á flugi en fundust ekki í varpi sumarið 1995. Stöku kjóapör hafa orpið fram á síðustu ár, t.d. í Starmýri. Kjóahreiddur hafa einnig fundist við Rauðavatn. Hrafnar sáust alloft enda eru þeir árvissir varpfuglar í Rauðhólum og hafa stundum orpið í dalverpinu austan við golfvöllinn í Grafarholti.

4.3.2 Vötnin

Talsvert fuglalíf er við **Rauðavatn** þann tíma sem vatnið er autt en það er venjulega frá lokum apríl og fram eftir október. Andfuglar og máfar eru mest áberandi en síðsumars sækja einnig að vatninu hópar vaðfugla, t.d. lóur, spóar og lóuprælar. Lóuhópur (25 fuglar) sást t.d. við vatnið 9. október 1995.

Nokkrar tegundir fugla verpa við vatnið eða leita þangað með unga sína og til fæðuöflunar. Sumarið 1995 héldu fimm grágæsapör með unga að staðaldri til við sunnanvert vatnið, steinsnar frá hinum fjölfarna Suðurlandsvegi. Stokkendur, skúfendur, duggendur og toppendur sjást oftast nær á vatninu á sumrin. Stokkendur og toppendur eru líkast til árvissir varpfuglar, engar stokkandarkollur með unga sáust þó sumarið 1995. Þá sáust hins vegar 3 toppandarkollur með unga og 5 kollur með unga sumarið 1982. Duggendur verpa a.m.k. öðru hverju og hafa gert í áratugi, síðast 1994. Sumarið 1961 fundust t.d. 4 hreiður við vatnið. Óvíst er með varp skúfandar en fyrri hluta sumars 1995 sáust 10-15 skúfendur á vatninu.

Eitt sandlóupar hafði helgað sér land upp af fjörunni við norðausturenda vatnsins sumarið 1995. Flórigoðar sjást öðru hverju á Rauðavatni og sumarið 1960 varp þar eitt par. Þessi tegund er nú orðin mjög sjaldgæf hér á landi og verpur hvergi á Suðvesturlandi nema hvað fáein pör verpa við Ástjörn sunnan Hafnarfjarðar. Þá

fundust hreiður rauðhöfðaandar við Rauðavatn á árunum 1953-54 og þær sjást á vatninu síðsumars og á haustin. Kringum 1930 urpu hettumáfar við Rauðavatn og var það fyrsti varpstaður þessarar tegundar í grennd við Reykjavík. Ekki er vitað til þess að þeir hafi orpið við vatnið á síðustu áratugum en þeir sjást þar oft. Í byrjun þessarar aldar sáust hávellur á Rauðavatni á varptíma og þær kunna að hafa orpið þar.

3. tafla. Fuglategundir í Austurheiði (alls 39)

Lómur	Hefur sést á Rauðavatni
Flórgoð	Sjaldgæfur gestur, hefur orpið við Rauðavatn
Álft	Verpur við tjörn austan Reynisvatns og sést stundum á Rauðavatni
Grágæs	Algengur varpfugl og sést einkum með unga sína við vötnin
Rauðhöfði	Hefur orpið við Rauðavatn og sést þar stundum síðsumars
Urtönd	Sást í Starmýri og kann að verpa á svæðinu
Stökkönd	Verpur við vötnin
Skúfönd	Sést oft á Rauðavatni og verpur e.t.v.
Duggönd	Algeng á Rauðavatni og verpur stundum
Hávella	Sást á varptíma á Rauðavatni um 1905; óvíst er með varp
Æður	Fáein pör urpu við Reynisvatn fram á síðust ár
Toppönd	Nokkur pör verpa við Rauðavatn; sést einnig við Reynisvatn og Langavatn
Smyrill	Varp fyrir löngu austan við Grafarholt (Smyrilshöfði)
Rjúpa	Allalgengur varpfugl í heiðunum
Tjaldur	Hefur orpið við Rauðavatn (sást 1995) og Reynisvatn
Sandlóa	Strjáll varpfugl við Rauðavatn
Heiðlóa	Mjög algengur varpfugl
Lóupræll	Strjáll varpfugl
Hrossagaukur	Algengur varpfugl
Jaðrakan	Líkast til strjáll varpfugl
Spói	Algengur varpfugl
Stelkur	Allalgengur varpfugl
Óðinshani	Strjáll varpfugl og sumargestur
Kjóí	Alltíður gestur og stöku pör hafa orpið fram á síðustu ár
Hettumáfur	Algengur gestur á Rauðavatni og varp þar áður
Sílamáfur	Nokkur pör verpa á heiðunum
Silfurmáfur	Sjaldgæfur gestur
Svartbakur	Sjaldgæfur gestur
Kría	Allalgengur varpfugl við Rauðavatn og hefur orpið við Reynisvatn
Brandugla	Sjaldgæfur gestur í trjálundi við Rauðavatn
Eyrugla	Hefur sést í trjálundi við Rauðavatn
Þúfuttittlingur	Algengur varpfugl
Maríuerla	Strjáll varpfugl
Steindepill	Strjáll varpfugl í holtunum
Skógarþröstur	Algengur varpfugl í trjálundum
Hrafn	Allalgengur gestur, verpur í grenndinni
Stari	Verpur eitthvað í húsum og mannvirkjum
Auðnutittlingur	Sást í lundinum við Rauðavatn og verpur þar sennilega
Snjótittlingur	Algengur vetrargestur, varp áður við Reynisvatn og e.t.v. víðar

Máfar og kríur nota Rauðavatn mikið til baða og hvíldar. Kríur veiða þar einnig mikið enda verpa þær skammt frá (kafli 4.3.1). Sílamáfar sjást yfirleitt í tugatali við Rauðavatn frá því í maí og fram í byrjun september en þeir verpa einnig lítils háttar í holtunum í grennd (kafli. 4.3.1). Aðrir máfar sem sést hafa við vatnið eru svartbakur og silfurmáfur.

Frá náttúrunnar hendi er **Reynisvatn** lífríkt vatni en umhverfi þess hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum. Þar er nú stunduð fiskirækt og mikil sportveiði með tilheyrandi truflunum fyrir fugla. Vegna þessa helst fátt fugla við vatnið og er fuglalíf þar nú einungis svipur hjá sjón miðað við það sem áður var. Endur sjást nú afar sjaldan og fuglavarþ á bökkum vatnsins þrífst ekki vegna stöðugs ágangs. Það er helst að kríur sjáist þar í ætisleit.

Áður fyrr og fram undir 1985 voru æðarfuglar árvissir á Reynisvatni og þar urpu að jafnaði nokkur pör. Duggendur sáust einnig, svo og toppendur. Þessara fugla varð ekki vart sumarið 1995.

Langavatn virðist vera eitt lífsnauðasta vatnið í grennd við Reykjavík og stafar það e.t.v. að hluta til af miklum sveiflum í vatnsborði. Jafnframt er vatnið líkast til næst því að vera í upprunalegu ástandi samanborið við önnur stöðuvötn í landi Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaganna.

Athuganir á fyrri árum, svo og sumarið 1995, benda til þess að fuglalíf á Langavatni sé lítið og fábrotið. Endur sjást þar stöku sinnum (stokkönd, toppönd og jafnvel æðarfugl) en virðast ekki verpa þar, a.m.k. ekki að staðaldri. Stöku kríur sjást í ætisleit og einstöku mófuglar meðfram bökkum. Miðsumars koma nokkur grágæsapör að vatninu ofan úr heiðinni og halda þar til með unga sína.

Í Staramýri og á því svæði er talsvert fuglalíf. Álftarpar varp t.d. sumarið 1984 og sumarið 1995 sáust þar urtendur, toppendur og jaðrakan (varp 1984).

4.3.4 Trjáræktarreitir

Í Austurheiði og jöðrum hennar er talsvert um trjáræktarreiti, einkum í grennd við gamla sumarþústaði sem sumir hverjir eru að niðurlotum komnir. Langstærsti reiturinn er lundurinn við gömlu gróðrarstöðina við austanvert Rauðavatn. Í þessum trjálundum verpa nær undantekningarlaust skógarþrestir. Í Rauðavatnslundinum verpa auk þess hrossagaukar, þúfutittlingar og sennilega auðnutittlingar (syngjandi fuglar sáust 1995). Rauðavatnslundurinn er auk þess mikilvægur sem varpstaður þeirra anda sem halda til við Rauðavatn.

4.4 Náttúruvernd og athyglisverðir staðir í Austurheiði

Austurheiði er all víðáttumikið heiðarland sem mun tengjast byggð á næstu árum og verða því enn verðmætara útivistarsvæði en nú er. Tvö stór svæði á norðanverðri heiðinni, Grafarholt og svæði milli Reynisvatns og Langavatns hafa verið tekin frá sem byggingarsvæði og ein landspilda syðst á Hólmsheiði (1. mynd bls. 6). Á þessum svæðum er ekkert í náttúrufari það sérstakt að það geti hamlað skipulagi þessara hverfa. Hins vegar er vert að benda á að hverfið sem hugsað er milli Reynisvatns og Langavatns er trúlega mjög harðbýlt. Að minnsta kosti virðist gróður sem hefur verið reynt að rækta umhverfis sumarhús á svæðinu vera kyrkingslegri og þróttlausari heldur en annars staðar á svæðinu.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010 er öll Austurheiðin, utan væntanlegra íbúðahverfa, sett undir Borgarvernduð svæði. Undanfarni ár hefur verið unnið við ræktunarstörf á heiðinni. Þar hefur verið plantað trjám, rofabörð stungin niður, áburði dreift og alaskalúpínu plantað eða sáð hér og þar. Það segir sig því sjálft

að stór hluti svæðisins mun fljótlega breytast, bæði gróðurfar og ásynd. Þar sem heiðin er einsleit hvað gróðurfar varðar mun þessi ræktun auka á fjölbreytnina ef henni er haldið innan ákveðinna marka.

- Huga þarf fyrir því í skipulagi að halda eftir ákveðnum svæðum, þar sem villtur gróður heiðarinnar fær að þróast áfram á eigin forsendum. Sem dæmi um það má nefna að æskilegt er að skilja eftir hluta lyngmóans, þar sem berjamóinn ræður ríkjum, en í honum eiga mófuglar sér hreiðurstað og ala upp unga sína. Þangað sækja og borgarbúar á haustin í berjamó.
 - Útbreiðsla alaskalúpínu syðst á *Hólmsheiði* er orðin mikil á köflum og merki þess að hún nemi land í grónu landi sjást víða. Þess vegna þarf að fylgjast af mikilli samviskusemi með framgangi hennar. Þar sem jurtin er að ná yfirhöndinni þarf að hindra frekari framrás hennar og fræfall með slætti. Líklegt er að nægjanlegt sé að lúpínuræktin sé látin vera á hverju svæði í 5-10 ár. Sá tími nægir til að auka frjómagn jarðvegs og mál til komið að hleypa öðrum tegundum að.
 - Mikil umferð gangandi fólks og lausaganga hunda við *Rauðavatn* hefur truflandi áhrif á fuglalíf. Æskilegt er að koma böndum á umgengni með frekari lagningu göngustíga og beina þar með umferð frá vatnsbakkanum. Einnig er æskilegt að takmarka lausagöngu hunda á varptíma (maí - júlí).
 - Lagt er til að eftirtalin svæði verði tekin frá í Austurheiði (7. mynd). Lífríkinu leyft að þróast þar áfram á eigin forsendum og engin ræktun fari þar fram.
1. **Starmýri.** Ósnortið og gróskumikið votlendi, sem er einstakt fyrir svæðið í heild. Mýrin sjálf og þurrlendið í næsta nágrenni hennar standi óskert. Séð verði til þess að vatnsbúskapur mýrarinnar verði áfram hinn sami. Það þýðir að sjá verður til þess að yfirborðsvatn frá næsta nágrenni eigi áfram greiða leið að mýrinni og að áburðamengun verði hindruð. Einnig þarf að hugsa til þess að útfallið úr mýrinni að norðanverðu verði ekki raskað.
 2. Svæðið milli **Reynisvatnsáss** annars vegar og **Hádegishæðar** og **Nónáss** hins vegar með **Reynisvatni** er heildstætt fjölbreytt svæði hvað landslag og gróðurfar varðar. Vert er að benda á að koma þarf góðu skipulagi á umferð um næsta nágrenni vatnsins, þannig að gróðurfar líði ekki fyrir vegna vinsælda vatnsins til veiða. Einnig þarf að haga trjárækt þannig að efri hluti Nónáss og Hádegishæðar verði trjálausir, en þar eru víða fallegir klettir og jarðmyndanir. Æskilegt er að halda í náttúruleg einkenni þessa svæðis.

5 ÚLFARSÁ

Úlfarsá á upptök í Hafravatni og fellur í mörgum sveigum og bugðum til vesturs sunnan undir Úlfarsfelli. Hún er um 5 km löng. Við Vesturlandsveg skiptir hún um nafn, kallast eftir það stundum Korpúlfsstaðaá og fellur til sjávar í Blikastaðakró. Áin norðan vegar er um 4 km löng. Vatnasviðið er um 48 km², meðalrennsli um miðbik ár 1,55 m³/s (32 l/s/km²). Rennslið er mest í febrúar og mars en minnst í júní og júlí (Almenna verkfræðistofan 1994).

Farvegur árinna er mjög breytilegur, flúðir og fossar; grunnur, breiður og lygn; afar mjór og djúpur o.s.frv. Helstu fossar eru Úlfarsárfoss í landi Fellsmúla, Fossaleynisfossar undir Keldnaholti og Króarfoss við ósinn, en fleiri fossar eru neðst í ánni þar sem fall hennar er mest og flúðir flestar. Farvegi Úlfarsár hefur ekki verið raskað á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Neðan Vesturlandsvegar (ofan Fossaleynisfossa) er stífla Áburðarverksmiðjunnar vegna vatnstöku. Mikið lýti er af stíflunni og truflar það umgengni um árbakkann. Áburðarverksmiðjan hefur einnig sett loku í útfallið úr Hafravatni og stjórnar hún því rennsli árinna að nokkru leyti.

Ofan þjóðvegur er víða mýrlendi meðfram ánni og eru þessar mýrar helstar taldar frá Hafravatni: Mómýri, Forarmýri, Skurðamýri, Grátholtsmýri, „Úlfarsarmýri“ og Tjarnengi. Neðan Vesturlandsvegar er umhverfið mun þurrlandara, helstu mýrablettirnir eru Fossalegnir neðan samnefndra fossa og kringum Korpubæinn.

Dalurinn sem áin fellur um ofan Vesturlandsvegar er nafnlaus á öllum nýlegum kortum. Fyrir á þessari öld bregður hins vegar fyrir nafninu Úlfarsárdalur (Björn Bjarnarson 1936) og leggjum við til að þetta heiti verði fest í sessi.

Mýrarnar í Úlfarsárdal hafa flestar verið ræstar fram. Efsta mýrin, Mómýri, sem tilheyrir að hluta Mosfellsbæ, er framræst hallamýri, en þar er þó töluvert fuglalíf. Norðaustan í Reynisvatnsási er Skurðamýri og gegnt henni norðan ár er Forarmýri í landi jarðanna Fellsenda og Úlfarsfells. Þetta eru fallegustu og ósnortnustu mýrarnar við ána. Reyndar hefur verið grafið í Forarmýri, en hún er mjög blaut og erfitt er að ræsa hana fram. Mýrin er aftur á móti nauðbitin af hrossum og hross voru í Skurðamýri. Grátholtsmýri, „Úlfarsarmýri“ og Tjarnengi hafa verið ræst fram, en nokkrir gróskulegir mýrablettir eru þó á þessu svæði, t.d. við Grátholtslæk.

5.1 Jarðfræði við Úlfarsá

Berggrunnur Úlfarsfells og svæðanna næst því, niður að Úlfarsá, er nokkuð annars eðlis en í Klapparholti (Norðlingaholti) og Austurheiði. Jarðlögin í Úlfarsfelli eru um tveggja milljón ára gömul (Leó Kristjánsson o.fl. 1991). Í staflanum skiptast á hraunlagasýrpur og móbergs- og jökulbergslög.

Hraunlagasýrurnar hafa myndast á hlýskeyðum en móbergið og jökulbergslögin á jökulskeyðum. Staflanum í Hamrahlíðarlöndum má skipta í nokkrar aðgreindar sýrpur (5. mynd). Neðst við Úlfarsá gegnt Korpúlfsstöðum er hraunasýrpa og ber þar mest á svonefndu dyngjubasalti en það myndast við eldgos á svipaðan hátt og í Skjaldbreið eða Trölladyngju. Ofan við það tekur við þykk móbergssýrpa sem sést vel í Lágafelli í Mosfellssveit og liggur í suðvestur og þynnist.

Ekki sést í móbergið í Hamrahlíðarlögunum en það liggur skammt neðan Vesturlandsvegar. Ofan við móbergið er hraunasyrpa allþykk sem myndar undirhlíðar Hamrahlíðarinnar og bekkinn sem Leirtjörn er á allt niður undir Vesturlandsveg. Hraunlögin í þessari syrpu eru yfirleitt mjög þunn og mynda hraunbeltin í Hamrahlíðinni. Ofan á henni er þykkt jökulbergslag sem sést vel efst í Hamrahlíðinni norðanmegin. Efst í Hamrahlíðarlöndum er allþykk syrpa af tiltölulega þykkum hraunum sem sjást suðvestanhallt og efst í Hamrahlíðinni og liggja þaðan niður til suðvesturs og mynda bekkinn upp af Leirtjörn. Hluti af þessari síðastnefndu syrpu stallast niður við misgengi og liggur efst í bekknum sem Leirtjörn er á.

Nokkur misgengi eru í Hamrahlíðarlöndum (6. mynd) og má skipta þeim í tvo flokka. Annars vegar eru misgengi sem stefna NA-SV og hins vegar misgengi sem stefna N-S. Sum þessara misgengja eru vafalítið tengd misgengjum í Austurheiði. Á þeim er þó sá munur að misgengin í Hamrahlíðarlöndum sýna mun meiri færslu. Þetta stafar vafalítið af því að þessi misgengi eru virk í mörg þúsund ár eða tugþúsundir ára. Því má búast við meiri færslu þar sem þau skera eldri berggrunn. Ekki verður séð á þessum misgengjum að þau hafi hreyfst nýlega, á jarðfræðilegan mælikvarða, þó ekki sé hægt að útiloka það.

5.2 Gróðurfar við Úlfarsá

Á gróðurkorti sést að beggja megin árinna er víða votlendi einkum mýri og jaðar (deiglendi) sem nær undantekningalaust hefur verið ræst fram. Einnig finnast þar graslendi, tún, mólendi á litlum blettum, melar og flög.

Gengið var upp með ánni frá Vesturlandsvegi. Þar fellur áin um votlendi og jaðarsvæði sem hafa verið framræst. Þar eru nú tún sem eru nýtt til hrossabeitar en sumstaðar hefur landið einungis verið látið þorna en ekki bylt í tún. Í túnunum vaxa hálíngresi, titulíngresi, túnsúra, túnfíflar, brennisóley, skarífífill, vegarfi, vallhumall, vallhæra, snarrótarpuntur og lokasjóður. Í skurðunum eru aftur á móti tegundir sem flestar hafa áður dafnað í mýrinni t.d. mýrastör, klófífa, fergin, dvergsóley, mýradúnurt ásamt mýrasóley, lækjasefi, naflagrasi og vætudúnurt.

Víða má finna flög þar sem vaxa mýrasauðlaur, mýrasóley, flagasóley, naflagras, hnúskakrækil, axhæra, mýradúnurt, hrafnaklukka, skriðlíngresi, klóelfting, flagahnoðri, blómsef, skammkrækil, lyfjagras, skurfa og hundasúra. Á þessum slóðum eru árbakkarnir háir og grónir. Áin sjálf er djúp og tær, straumur þungur og botninn allvel gróinn þráðnykru, síkjamara, vatnsliðagrasi og laugabruðu.

Stuttu ofar er lítill vogur. Þar er svæðið næst ánni á kafla vaxið mýragróðri; mýrelftingu, klófífu, gulstör, engjarós, hálmgresi, vatnsnál, hrafnaklukku, mýrfjólu, mýradúnurt og tágamuru. Mikið af laugabruðu er úti í lygnum á voginum. Lengra frá ánni eru skurðir í votlendinu. Þar sem hrossabeit er minni má víða sjá að gulvíðir og loðvíðir eru að teygja sig upp úr gróðursverðinum.

Móts við býlið Úlfarsá, sunnan ár, er allmikið flatlendi sem grafinn hefur verið skurður gegnum. Þarna hefur verið mýrastaramýri og er hún ennþá ríkjandi á köflum, en snarrótarpuntur nokkuð víða kominn inn á svæðið. Í skurðinum er gróskuleg

klófífa og fergin. Á þessum slóðum er áin grunn, straumlétt og hjalandi og í henni lágir hólmar. Ofan og austan við votlendið er mólendi í jaðri Grátholts. Það er vaxið melagróðri og víða berangurslegt, í raun skemmtileg andstæða við votlendið og graslendið neðar með ánni. Á stöku stað má finna litlar birkiplöntur sem virðast vera sjálfsánar.

Áin rennur fast upp við Grátholt norðanvert á kafla. Þar er stór hólmi í ánni, vaxinn graslendi með snarrótarpunti, grávíði, tágamuru, gulmöðru, mjaðurt, brennisóley, vegarfa, skarífíflí, gullbrá, vallhæru, kornsúru o.fl. Sunnan við ána er hinsvegar votlendi með nokkrum uppsprettum og litlum lækjum, en á milli er stórgrýtt mosapemba. Einkar snoturt svæði.

Úlfarsárfoss er í raun þrjár flúðir. Við fossinn er stórgrýtt og grjótið vaxið fléttum og mosum. Stórgerðir slæðingar eins og vætudúnurt og alaskalúpína eru byrjaðar að nema land við fossinn og í fossbrúninni. Ofan við fossinn er áin fremur grunn og stórgrýtt, bakkar allir grónir og í árbotninum vex ármosi (*Fontinalis antipyretica*).

Ofan við fossinn einkennist landið beggja megin ár af votlendi. Mjór skurður liggur eftir mýrinni endilangri sunnan ár, og þar voru um 50 hross á beit og mýrin eftir því snarbitin og illa útlítandi. Vegna beitarinnar er votlendið heldur nóturlegt að sjá á köflum, en við friðun nær það sér fljótt upp.

Gróðurinn þarna einkennist af þýfðri mýrastaramýri. Allmikið er af klófífu, engjarós, horblöðku, vetrarkvíðastör, hengistör, gulvíði, grávíði, bláberjalyngi, krækilyngi, hálmgresi og fjalldrapi er á blettum. Svipað gróðurfar er á öllu svæðinu að landamerkjum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Votlendið austan við bæjarmörkin er hins vegar hallamýri sem hefur verið ræst fram með skurðaneti. Þar eru fífuflóar, annars staðar tjarnastör, mjaðurt, loðvíðir og fjalldalafífill. Sumstaðar eru snarrót, eða engjarós og hálmgresi áberandi.

Við útfall Úlfarsár úr Hafravatni er grjóteyri. Þar hefur verið sáð til alaskalúpínu fyrir all nokkru og hefur hún þegar myndað breiðu. Ljóst er að þarna eru upptök þeirra stöku lúpínuplantna sem fundust meðfram ánni, sú neðsta var við Úlfarsárfoss. Því má ætla að tegundin mun dreifast niður með ánni allt til sjávar á tiltölulega stuttum tíma.

5.3 Fuglar við Úlfarsá

Fylgst hefur verið reglulega með fuglum í neðanverðum Úlfarsárdal síðan í nóvember 1991 og fram til þessa dags (áramót 1995-96) af einum höfunda (JÓH). Umrætt svæði er Úlfarsá frá Lambhaga/Engi skammt niður fyrir brú á Vesturlandsvegi, svo og Lambhagahverfi og nánasta umhverfi sunnan Hafravatnsvegar.

Í júlí 1994 voru allir fuglar taldir á og meðfram ánni frá Hafravatni að Vesturlandsvegi. Í júní og júlí 1995 voru fuglar taldir tvisvar sinnum í tengslum við þessa könnun, frá upptökum til ósa. Í þessum talningum voru allir fuglar taldir á ánni og á um 200-300 m breiðu belti beggja megin árinna (6. viðauki).

Fuglar hafa verið taldir þrisvar að vetrarlagi (byrjun janúar 1994-96) á Úlfarsá og Korpúlfsstaðaá, þ.e. frá Úlfarsárbæ að ósi. Þessar talningar voru hluti af miðsvetrar-talningum Náttúrufræðistofnunnar Íslands. Mjög lítið hefur birst á prenti um lífríki

Úlfarsár. Sagt er frá einni athugun við ofanverða ána í júní 1984 í Innnesjaskýrslunni

4. tafla. Fuglategundir sem skráðar hafa verið við Úlfarsá (alls 51)

Himbrimi	Sjaldgæfur gestur
Fýll	Vor- og sumargestur
Gráhegri	Óreglulegur vetrargestur
Álft	Algengur gestur, aðallega á vorin
Grágæs	Algengur varpfugl og vetrargestur
Helsingi	Sjaldgæfur gestur
Rauðhöfði	Fremur sjaldséður, hefur e.t.v. orpið
Urtönd	Algengur varpfugl og vetrargestur
Stökkönd	Mjög algengur varpfugl og vetrargestur
Skúfönd	Strjáll varpfugl og sjaldgæfur vetrargestur
Duggönd	Fremur strjáll varpfugl
Æður	Algengur varpfugl og sumargestur
Straumönd	Sjaldgæfur gestur
Toppönd	Strjáll varpfugl og sumargestur, sjaldgæf á veturna
Gulönd	Algengur vetrargestur
Smyrill	Sést frá hausti fram á vor, algengastur á haustin
Fálki	Sjaldséður vetrargestur
Rjúpa	Algengur staðfugl, mest áberandi á haustin
Tjaldur	Algengur varpfugl
Sandlóa	Algengur varpfugl
Heiðlóa	Mjög algengur varpfugl
Vepja	Sjaldgæfur flækingur
Sendlingur	Sjaldgæfur sumargestur
Lóuþræll	Algengur varpfugl
Hrossagaukur	Mjög algengur varpfugl, sjaldséður vetrargestur
Jaðrakan	Strjáll varpfugl
Spói	Mjög algengur varpfugl
Stelkur	Mjög algengur varpfugl
Óðinshani	Strjáll varpfugl og sumargestur
Kjói	Sumargestur
Hettumáfur	Sumargestur, fyrrum varpfugl og verpur e.t.v. enn
Stormmáfur	Strjáll varpfugl
Sílamáfur	Algengur varpfugl
Silfuramáfur	Sjaldgæfur gestur
Hvítamáfur	Sjaldgæfur gestur
Svartbakur	Sjaldgæfur gestur
Kríá	Algengur varpfugl
Húsdúfa	Sjaldséð við efri hluta ár heldur til við Korpúlfsstaði
Brandugla	Sjaldgæfur gestur
Landsvala	Sjaldgæfur flækingur
Þúfuttlingur	Mjög algengur varpfugl
Mariuerla	Strjáll varpfugl
Músarrindill	Fremur sjaldséður haust- og vetrargestur
Steindepill	Strjáll varpfugl og síðsumargestur
Skógarþröstur	Algengur varpfugl og haustgestur, en sjaldséður að vetrarlagi
Hrafn	Aðallega vetrargestur, en sést þó vor og haust
Stari	Algengur staðfugl
Krossnefur	Sjaldgæfur flækingur
Auðnutittlingur	Algengur gestur, óreglulegur varpfugl
Sportittlingur	Sjaldgæfur flækingur
Snjótittlingur	Algengur vetrargestur

(Ævar Petersen 1985). Auk framantaldra upplýsinga verða hér nefndar athuganir frá Hafberg Þórisssyni, Lambhaga (HÞ), Aðalheiði Svanhildardóttur og Arnviði Snorrassyni, Stekki, Ólafi Karli Nielsen, Náttúrufræðistofnun og fáeinum öðrum.

Fuglalíf við Úlfarsá er fjölskrúðugt og hafa yfir 50 tegundir verið skráðar. Þar af eru 25 reglulegir varpfuglar en 4 óvissir eða stopulir. Um 12 tegundir eru árvissir vetrargestir (4. tafla og 7. viðauki). Andfuglar setja mestan svip á fánuna allt árið, en á sumrin bætast mófuglar, máfar og kría við. Hér verður helstu einkennum fuglalífs við Úlfarsá lýst. Nánari upplýsingar um einstakar tegundir er að finna í 7. viðauka.

Sumar (varpfuglar). Grágæs er algengur varpfugl í Úlfarsárdal, nærri 30 pör verpa næst ánni, en hún verpur lítið neðan Vesturlandsvegar. Stökkönd og urtönd eru algengustu endurnar. Um 40 stökkendur verpa jafndreift með ánni, en 15-20 urtandahjón og er meira af urtöndum ofan Vesturlandsvegar. Æðurin er og algeng, hátt í 20 kollur verpa dreift við Korpúlfsstaðaá, en varp ofan Vesturlandsvegar hefur ekki verið staðfest þó fuglar sjáist allt upp undir Úlfarsárbæ. Skúfönd, duggönd og toppönd eru sjaldgæfari, 1-5 varppör af hverri tegund og er duggöndin algengust. Duggönd og skúfönd sjást svo til eingöngu frá Hafravatni að Þjóðvegi, en toppöndin einnig neðan hans.

Til mófugla teljast rjúpa, vaðfuglar og nokkrar spörfuglategundir. Algengustu mófuglarnir eru heiðlóa, hrossagaukur, spói, stelkur og þúfutittlingur. Milli 20 og 30 hjón af hverri tegund verpa við ána, en sennilega meira af þúfutittlingum. Aðrar algengar tegundir (um eða yfir 10 pör) eru tjaldur, sandlóa, lóupræll og skógarþröstur. Minna er af jaðrakan, óðinshana, steindepli og maríuerlu. Rjúpur verpa á holtum og ásum umhverfis ána og ná óðul karranna stundum niður á árbakkann.

Sílamáfur er algengastur máfa, en varpið er lítið við Úlfarsá, aðeins um 20 pör. Eitt til þrjú stormmáfshjón verpa árlega við ofanverða ána, en stormmáfur er sjaldgæfastur þeirra máfa sem verpa hérlandis. Hettumáfar urpu á árum áður við ána hjá Úlfarsfelli en varpið var liðið undir lok fyrir 1984 (Ævar Petersen 1985). Á undanförunum árum hafa þó sést fuglar með varpatferli á þessum slóðum, svo e.t.v. kunna fáeinir fuglar að verpa þar stopult enn. Kría er algeng og verpur í nokkrum litlum vörpum dreift meðfram ánni, alls a.m.k. 60 pör.

Aðrir varpfuglar á athugunarsvæðinu eru stari, sem verpur í húsum nærri ánni og sést oft við hana. Tveir náttstaðir stara eru við eða nærri ánni. Skógarþröstur er algengur í görðum og trjálundum en auðnutittlingur stopull varpfugl í sama kjörlendi. Fýll, álft og kjói eru reglulegir vor- og sumargestir.

Vetur. Á veturna er talsvert fuglalíf á ánni þegar ísalög hamla ekki. Allmikið linda- og kaldavermslasvæði er við Lambhaga og Engi og leggur ána sjaldan á þeim slóðum. Þar er helsti dvalarstaður andfugla á veturna. Stökkönd, urtönd og gulönd eru reglulegir vetrargestir, stökkendur geta skipt tugum en minna er af hinum öndunum. Grágæs sést oft en álft og toppönd eru sjaldgæfari. Annað lindasvæði er í Mómýri í landi Óskots, en fuglalíf þar hefur lítið verið kannað.

Snjótittlingur, stari og hrafn eru algengir á veturna. Rjúpur halda til í Úlfarsfelli en sjást líka í görðum og trjálundum við ána. Hrossagaukar sjást stundum í volgu afrennsli. Loks má geta músarrindils, skógarþrastar og auðnutittlings.

5.4 Annað dýralíf við Úlfarsá

Minkamergð er mikil við ána og lifir minkurinn einkum á fiski og fugli. M.a. er vitað til að minkur hafi tekið stálpaðan grágæsarunga. Haustið 1995 kom það mjög á óvart að önnur aðalafföll rjúpu (næst á eftir veiðum) í Úlfarsfelli og nágrenni ár eru af völdum minks. Þá setti Ólafur Karl Nielsen (munnl. uppl.) senditæki á 24 rjúpur í Úlfarsfelli. Fjórtán þeirra fundust dauðar, þ.a. 7 af völdum minka, fálki drap 3 og 8 voru skotnar. Minkadrepnar rjúpur fundust meira að segja í hlíðum Úlfarsfells og sést hefur til minks í sílamáfavarpinu á Lambhagamelum.

Hagamýs eru útbreiddar um allt svæðið, frá fjöru til fjalls og húsamýs eru í híbýlum. Í þessari skýrslu verður ekki fjallað um lax og silung í ánni þar sem Veiðimálastofnun hefur rannsakað þá þætti um árabíl. Bitný er í ánni frá upptökum til ósa.

5.5 Náttúruvernd og athyglisverðir staðir við Úlfarsá

Úlfarsársvæðið ofan Vesturlandsvegur er í raun dalbotn. Lífríki árinna, gróðurfarið og fuglalífið mynda samfellda heild. Á Aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 1990-2010 fellur sá hluti dalbotnsins sem er í landi Reykjavíkur undir Borgarvernd. Landið næst ánni að norðanverðu, og u.þ.b. 500 m langur kafli næst Hafravatni, en það er í landi Mosfellsbæjar, er hins vegar ætlað til landbúnaðar á skipulagi. Þetta sýnir að mismunandi áherslur eru á landnýtingu þessara sveitarfélaga. Líklegt er að svæðið hafi ekki fengið umfjöllun nýlega í Mosfellsbæ vegna þess að þetta land er fjarri aðalbyggð Mosfellsbæjar og því ekki víst að hugur þeirra til svæðisins sé sá sami nú og fram kemur í skipulaginu. Sjálfsagt og nauðsynlegt er að allt þetta svæði falli undir samskonar skipulag. Má í því sambandi minna á þau vandræði sem hlutust af ólíku skipulagi Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar í Fossvogsdal.

Náttúruverndarráð hefur sett Úlfarsá frá upptökum til ósa í Blikastaðakró, á náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1991) ásamt 200 m breiðum bakka beggja megin árinna.

Samkvæmt Aðalskipulagi 1990-2010 er gert ráð fyrir íbúðabyggð sunnan við Úlfarsá í Grafarholti og eins á svæði milli Reynisvatns og Langavatns. Líklegt er að byggð verði einnig skipulögð á öllu svæðinu sunnan og vestan við Úlfarsfell. Hér verður því í framtíðinni byggt upp hverfi fyrir 20-40 þúsund íbúa. Þeir þurfa sín útivistarsvæði og hér er tækifæri að skipuleggja þau meðfram ánni. Hlutverk Úlfarsár í framtíðinni verður því síst minna en Elliðaánna sem náttúruskart í miðju þéttbýli.

Lagt er til að svæðið verði friðlýst og hljóti stöðu fólkvangs (sjá 7. mynd). Lögð er áhersla að svæðið fái að halda sínum náttúrlegu einkennum og að ræktun og umhirða taki mið af því. Líta verður á Hafravatn, Úlfarsá, (þ.m.t. Korpúlfsstaðaá) og 150-250 metra belti meðfram ánum sem samfellda náttúrufarslega heild. Þarna þarf að huga að tengslum milli árinna, árbakkans, votlendisins og annarra gróðurlenda og landslagsins næst ánni. Þó að hér sé vegna aðstæðna, einungis fjallað ítarlega um hluta þessa lífríkis þ.e. Úlfarsársvæðið, nema hvað umfjöllun um fugla nær til árinna frá upptökum til ósa. Eins og fram hefur komið er náttúrufar svæðisins afar fjölbreytt og mikið til óspillt. Auðvelt ætti að vera að laga það sem aflaga hefur farið ef rétt er á

málum haldið. Með góðu skipulagi má koma í veg fyrir mistök og skemmdir á lífríki þessa svæðis og umhverfisslys eins og orðið hafa í Elliðaárdalnum að undanfögnu.

Fjölbreytt lífríki sem felst í landslagi, ánni, árbakkanum, gróðurfari og fuglalífi gera svæðið þýðingarmikið til útivistar. Þýðingin felst m.a. í því að það er steinsnar frá væntanlegri byggð. Í raun er hér alveg einstakt tækifæri til að skipuleggja nýja byggð í sátt við óspillta náttúru þannig að náttúrufar þessa svæðis geti þróast á eðlilegan hátt lífríkinu til framdráttar og íbúum til ómældrar fræðslu og ánægju.

Áin og vatnasvæði hennar er afar viðkvæmt á margan hátt. Hér á eftir verður bent á nokkra þætti sem þurfa að hafa forgang til að unnt verði að ná fram markmiðum fólkvangs.

- Koma þarf í veg fyrir áburðarmengun frá görðum væntanlegrar byggðar. Þetta á bæði við um áhrif hennar á villtan gróður og árvatnið. Auk þess verður að leysa þann vanda sem verður vegna afrennslis mengaðs yfirborðsvatns frá götum sem getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir lífríki árinna t.d. olía og eiturefni.
- Beina þarf umferð frá þéttum fuglabbyggðum á varptíma, t.d. með því að láta göngustíga sveigja hjá slíkum stöðum.
- Æskilegt er að halda mink í skefjum vegna fiska og fugla.
- Plöntur í ræktun geta við ákveðin skilyrði náð fótfestu utan við garða, þetta á t.d. við um lúpínu. Vökul augu þurfa að fylgjast með að slíkar plöntur nái ekki yfirhöndinni á þeim svæðum sem hafa verið skipulögð sem náttúruleg svæði.
- Koma þarf á fastri skipan göngustíga. Leggja þarf göngu- og hjólastíga sem falla vel að landslagi og opna á þann hátt landið fyrir borgarbúum. Fjarlægja þarf girðingar og brúa skurði. Huga þarf að því að stígarnir raski ekki náttúrlegu umhverfi um of. Við skipulag stíganna þarf að hafa í huga að takmarka þarf tímabundið umferð manna um afmörkuð svæði t.d. vegna fuglavarps.
- Leggja skal áherslu á villtan gróður næst ánni en láta ræktunina njóta sín í byggða landinu.
- Hluta þess votlendis sem ræst hefir verið fram má með tiltölulega litlum tilkostnaði færa til fyrra ástands með því að fylla í skurði. Takmarka þarf og skipuleggja hrossabeitina. Hrossabeit sem gengur of nærri gróðri á ekki heima í borgarlandinu. Forarmýri og Skurðamýri eru dæmi um mýrar sem eiga að fá að dafna á eigin forsendum án beitar og framræslu.
- Úlfarsá flæðir yfir bakka sína í leysingum og fer þá yfir allstórt svæði. Lagt er til að áin fái að halda þessu háttalagi þ.e.a.s. að ekki verði farið í neinar þær framkvæmdir sem breyta rennsli árinna. Nauðsynlegt er að huga að þessu við skipulag.
- Úlfarsá skiptir löndum milli Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar. Nauðsynlegt er að fulltrúar þessara sveitarfélaga ræði saman um það hvernig best verði fyrirkomið

skipulagi beggja megin árinna. Einungis með samvinnu verður hægt að vernda þetta mikilvæga vatnakerfi í nánd við byggð.

Um gengni. Girðingar hefta mjög umgengni um árbakkann. Sumar liggja þvert yfir ána, en slíkt er óheimilt samkvæmt 20 gr. laga um náttúruvernd (stj.tíð, nr.47/1971). Sumarið 1995 voru alls 12 girðingar sem lágu þvert yfir ána (7 ofan og 5 neðan þjóðvegur) og 6 til viðbótar sem lágu alveg fram á blábakkann. Auk þessa eru girðingar tengdar vatnstökustíflu Áburðarverksmiðjunnar.

Flestar girðingar eru annað hvort landamerkjagirðingar eða afmarka beitarhólf fyrir hross. Tugir hrossa eru á beit meðfram ánni, mest í mýrunum ofan Vesturlandsvegur og eru sumar þeirra nauðbitnar. Hrossin hafa auk þess truflandi áhrif á fuglalíf.

6 HAMRAHLÍÐALÖND (ÚLFARSFELL)

6.1 Jarðfræði Hamrahlíðalanda

Berggrunnur í Hamrahlíðarlöndum er frá miðbiki ísaldar, um tveggja milljón ára gamall og skiptast á hraunasyrpur sem myndast hafa á hlýskeyðum og móbergs- og jökulbergslög frá jökulskeyðum. Nokkur misgengi liggja í gegnum svæðið og eru tvær stefnur ráðandi NA-SV og N-S.

6.2 Gróðurfar Hamrahlíðalanda

Hamrahlíðarlönd liggja vestur undir Úlfarsfelli (1. mynd bls. 6). Þar er áætlað byggingarland. Ofan þeirra í hlíðum Úlfarsfells er markað almennt útivistarsvæði á Aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 1990-2010. Þetta svæði er rúmlega 2 km².

Stærstur hluti byggingarlandsins er gróinn mólendi og graslendi. Nær fjallshlíðinni eru melar á kafla og síðan taka við brekkur fellsins, sumar ágætlega grónar, aðrar minna grónar, en svört klettabelti á milli.

Næst Vesturlandsvegi, þar sem heita Hallar, eru nokkur sumarhús og umhverfis þau allmikil ræktun. Villti gróðurinn er oftast lyngmói með krækilyngi, bláberjalyngi, þursaskeggi, móasefi o.fl. en berir melar eða opin flög á milli. Á þessu svæði hefur alaskalúpína náð mikilli útbreiðslu og er hún orðin ríkjandi planta. Ekki er að sjá annað en að útbreiðsla hennar sé á fullri ferð, jafnt yfir illa gróð sem og vel gróð land, t.d. lyngmóa (berjalönd).

Austan við þetta svæði, en vestan við Leirtjörn, eru þrjár litlar tjarnir. Miðtjörnin er umgirt mýrastararmýri og með henni vaxa hálmgresi, engjarós, hrafnaklukka, skriðdepla, klófífa, hrafnafífa, mýradúnurt og mýrfjóla. Hinar tjarnirnar eru minna grónar og virðist svo sem þær þorni upp í úrkomulitlum sumrum. Þetta er nær eina votlendið á þessum slóðum.

Leirtjörn er allstór tjörn en afar grunn og sveiflast vatnsborð hennar í takt við árstíðabundnar breytingar á grunnvatnsstöðu. Því er hún þurr lungann úr sumrinu og botn hennar tíglótt flag. Á tjarnarbotninum vex fjöldi tegunda. Ríkjandi eru skriðlíngresi og klóelfting. Einnig fundust vegarfi, blávingull, varpasveifgras, hnúskakrækill, blóðarfi, hundasúra, flagahnoðri, skammkrækill, tágamura, mýrasef, naflagras, skurfa, mýradúnurt, mýrasauðlaukur, kattarjurt, þistill og skriðsóley. Auk þess fannst á tjarnarbotninum grámygla en þetta er eini fundarstaður tegundarinnar á öllu rannsóknasvæðinu.

Norðan við Leirtjörn er stórt melasvæði. Einkenni melanna er hversu fínkornóttir þeir eru. Þeir eru augljóslega allir að gróa upp af sjálfsdáðun, sem er ein sönnun þess hversu græðingarmáttur íslenskra jurta er mikill þegar þær eru ekki lengur undir beitarálagi. Á melunum vex fjöldi tegunda m.a. ljónslappi, geldingahnappur, melablóm, holtasóley, krækilyng, klóelfting, blávingull, túnvingull, hvítmaðra, móasef, þursaskegg, vallhæra, kornsúra, túnsúra, grasvíðir, loðvíðir, holurt, lambagras, blóðberg, lógresi og ljósberi.

Í brekkurótinni við Úlfarsfell eru sumstaðar fallegar grónar brekkur. Ein slík var skoðuð innan gamals afgirts sumarhúslands. Ætla má að þetta svæði hafi verið friðað fyrir beit mun lengur en gildir um svæðið almennt, allt að hálfa öld. Þar er samt engin ræktun að ráði þannig að náttúrlegur gróður hefur fengið að njóta sín til fullnustu. Í þessari brekku uxu blágresi, krossmaðra, jarðarberjalyng (með vel þroskuðum berjum), mjaðurt, ilmreyr, hálíngresi, maríustakkur, túnfíflar, undafíflar, brennisóley, barnarót hárdepla, jakobsfífill og blákolla, en hún er sjaldgæf á þessu svæði.

Í hlíðum Úlfarsfells að vestanverðu eru melhjallar, en á milli eru velgrónir slakkar, lautir, brekkur og lænur. Ofar eru klettabelti, grashjallar og jafnvel beitleyngsmóar. Vatnsrof sést í hlíðinni á a.m.k. tveimur stöðum.

Enn ofar taka við grýttir melar þar sem gamburmosi er áberandi og fjöldinn allur af melaplöntum. Í efsta hluta fjallsins voru skráðar 53 tegundir háplantna, sem vaxa á melum, í mosapembu og í klettum.

6.3 Fuglar Hamrahlíðalanda

Umrætt svæði er fremur einsleitt og þurrlent, ef frá er talin Leirtjörn, sem þó er þurr mest allt sumarið. Tjörninni er bróðurlega skipt milli Reykjavíkur og Mosfellssveitar. Lítils háttar votlendi er vestan við tjörnina. Fuglalíf er því fremur einhæft. Nánari umfjöllun um einstakar tegundir er að finna í 8. viðauka en hér á eftir verður gerð stuttleg grein fyrir helstu einkennum fuglalífs á svæðinu.

Mófuglar eru ríkjandi varpfuglar. Varþéttleiki þeirra hefur ekki verið mældur, en þar sem landið undir hlíðum Úlfarsfells svipar til Hólmsheiðar, er þéttleikinn sennilega svipaður (sjá kafla 4.3.1). Heiðlóa, spói og þúfuttlingur eru algengustu tegundir. Aðrir algengir mófuglar eru rjúpa, sandlóa, hrossagaukur, stelkur og skógarþröstur. Þéttleiki rjúpna var mældur í maí 1995 og reyndist hann vera um 7 karrar á umræddu svæði (Ólafur Karl Nielsen, munnl. uppl. og athuganir JÓH). Rjúpnastofninn er nú í vexti eftir lágmark undanfarin ár og má ætla að þegar hann nær hámarki innan fáeinna ára, þá verði þéttleiki karranna talsvert meiri en hér kemur fram. Í urðum í hlíðum Úlfarsfells verpa steindepill og snjótittlingur.

Aðrir varpfuglar árið 1995 voru þessir: Stokkandarhreiður fannst í maímánuði í Höllum. Sílamáfsvarp var við NA-verða Halla, um 20 pör og dreif í hlíðinni þar upp af. Kríuvarp, a.m.k. 50 pör, var á svipuðum slóðum, auk þess sem dreift varp var meðfram hitaveitustokkunum vestan Halla. Stormmáfur sem greinilega átti unga nærri sást nokkrum sinnum syðst í Höllum í júlí (8. viðauki). Auðnutittlingur með varpatferli sást í garði við sumarbústað á Höllum.

Fuglalíf á veturna er fáskrúðugt. Rjúpur, aðallega karrar sem eru varpfuglar í mounum, halda til allt árið. Fálkar hafa sést á rjúpnaveiðum í Úlfarsfelli. Aðrir vetrargestir eru aðallega hrafnar og snjótittlingar. Smyrlar og auðnutittlingar hafa og sést að vetrarlagi.

Fylgst var með Leirtjörn frá því í apríl og fram til áramóta 1995-1996. Ísa leysti síðustu dagana í apríl um vorið. Vatn var í tjörninni í tæpan mánuð, 22. maí var hún

að mestu þurr. Tjörnin fylltist aftur af vatni í hlýindum í byrjun desember.

Fuglalíf er nokkuð fjölskrúðugt við tjörnina þegar vatn er í henni og eru álfir mest áberandi. Eftirfarandi tegundir sást vorið 1995, hámarkstölur í svigum: álfir (26), grágæs (37), rauðhöfðaönd (9), tjaldur (2), jaðrakan (2), stelkur (2), hettumáfur (2), stormmáfur (2), sílamáfur (13) og kría (2). Vorið 1994 sást eitt sinn 25 sílamáfar og 1 silfurháfur á tjörninni. Í hlýindum kringum 18. desember 1995 sást mest 13 álfir, 9 grágæsir og 32 stokkendur á tjörninni.

6.4 Spendýr í Hamrahlíðalöndum

Ummerki um hagamýs hafa fundist um allt svæðið og alveg uppá fjallsbrún. Rjúpur sem minnur hefur bannað hafa fundist í hlíðum Úlfarsfells (sjá 5.4).

6.5 Náttúruvernd og athyglisverðir staðir í Hamrahlíðalöndum

Svæðið sem merkt er Hallar og Hamrahlíðarlönd á Aðalskipulagi 1990-2010 er ætlað sem íbúðabyggð. Þar var ekkert að finna í gróðurfari sem er sérstakt eða einstætt. Náttúruverndarráð mælir með landslagsvernd allt niður að 110 m hæðarlínu í Úlfarsfelli (Náttúruverndarráð 1981).

- Tilvalið er að láta þá trjálundi sem þegar eru vaxnir upp við sumarhús halda sér sem mest þannig að þeir falli eðlilega að byggðinni og byggðin að þeim.
- Tengingu svæðisins við útivistarsvæðið í Úlfarsfelli þarf að skoða sérstaklega.
- Á aðalskipulagskortinu er byggingasvæðið sett þétt upp að brekkunni. Hér er lagt til að um 100 m breitt belti verði á milli byggðar og brekku.

7 RITASKRÁ

- Almenna Verkfræðistofan 1994. Flóðhæðir í Úlfarsá við Vesturlandsveg.
Borgarskipulag Reykjavíkur. Skýrsla, 28 bls.
- Árni Hjartarson 1980. Síðkvarteri jarðlagastaflinn í Reykjavík og nágrenni.
Náttúrufræðingurinn 50: 108-117.
- Árni Waag Hjálmarsson 1990. Fuglar, spendýr og ferskvatnsfiskar. Í: Saga Kópavogs I, Lionsklúbbur Kópavogs. Bls. 99-150
- Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir undafíflar I-III. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 10, 502 s.
- Bibby, C.J., N.D. Burgess & D.A. Hill 1992. Bird census techniques. Academic Press, London. 257 bls.
- Björn Bjarnarson 1914. Grafarholt - um örnefni. Vélritað handrit. 24 bls.
- Björn Bjarnarson 1936. Kjósarsýsla. Í: Landnám Ingólfs II: 90-109. Félagið Ingólfur, Reykjavík. Bls.90-109.
- Guðlaugur R. Guðmundsson 1977. Örnefni í landi Grafarholts. Teiknað eftir kortum Þróunarstofnunar Reykjavíkurborgar. Handrit.
- Haukur Jóhannesson 1985. Jarðfræði Innnesja. Í: (Kristbjörn Egilsson, ritstj.) Innnes. Náttúrufar, minjar og landnýting. - Náttúrufræðistofnun Íslands, unnið fyrir Staðarvalsnefnd um iðnrekstur, Reykjavík. Bls. 17-22.
- Hákon Aðalsteinsson, Sigurjón Rist, Stefán Hermannsson og Svanur Pálsson 1989. Stöðuvötn á Íslandi. Skrá yfir vötn stærri en 0,1 km². - Orkustofnun. OS-89004/VOD-02. Reykjavík. 48 bls. Kort.
- Helgi Torfason 1994. Athugun á sprungum í vegstæði vestan Rauðavatns. Unnið fyrir Vegagerð ríkisins. Orkustofnun. OS-94025/JHD-13B.
- Helgi Torfason og Halldór Torfason 1994. Athuganir á brotalínum í og sunnan við Úlfarsfell. Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur. Orkustofnun. OS-94052/JHD-30B.
- Hörður Kristinnsson 1986. Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Íslensk náttúra II. Reykjavík. 306 bls.
- Hørring, R. Dagbækur 1905-08. Varðveittar á Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Johannes Lid og Dagny Tande Lid 1994. Norsk flora. 6. útgáfa endurskoðuð af Reidar Elven. 1014 bls. Osló.
- Jón Jónsson 1971. Hraun í nágrenni Reykjavíkur. I. Leitahraun. Náttúrufr. 41:49-63.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson og Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 25, 126 bls.
- Kristinn H. Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson 1989. Fuglalíf á sunnanverðum Reykjanesskaga. Í: (Kristbjörn Egilsson, ritstj.) Náttúrufar á sunnanverðum Reykjanesskaga. Náttúrufræðistofnun Íslands, unnið fyrir Samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum. Reykjavík. Bls. 37-57
- Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Skarphéðinn Þórisson, Sverrir Thorstensen og Stanley A. Temple 1990. Breeding biology, movements, and persecution of Ravens in Iceland. Acta Naturalia Islandica 33. 45 bls.
- Kristján Sæmundsson og Sigmundur Einarsson 1980. Jarðfræðikort af Íslandi. Blað 3, Suðvesturland. Náttúrufræðistofnun Íslands og Landmælingar Íslands.
- Leo Kristjánsson, Haukur Jóhannesson og Ingvar Birgir Friðleifsson 1991. Paleomagnetic stratigraphy of the Mosfellssveit area, SW-Iceland: a pilot study. Jökull 41: 47-60.

- Marjorie Blamey og Christopher Gray-Wilson 1992. Myndskreytt flóra Íslands og Norður-Evrópu. 544 bls. Reykjavík.
- Náttúruminjaskrá 1991. Friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. 6. útg. 62 bls.
- Náttúruverndarráð 1981. Höfuðborgarsvæðið. Náttúruvernd. Fjölrit nr. 13. 36 bls.
- Ólafur K. Nielsen 1993. Fuglalíf við vötn ofan Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Verkefni unnið fyrir Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ. II + 33 bls.
- Páll Hersteinsson, Arnór Þ. Sigfússon og Þorvaldur Björnsson 1990. Varpstofn sílamáfs og tilraunaveiðar á máfum á Suðvesturlandi árið 1990. Sérrit veiðistjóraembættisins nr. 1. 20 bls.
- Rannsóknastofnun Landbúnaðarins 1988a. Gróður og Jarðakort. Elliðavatn. 1613 III SV. 1:25 000.
- Rannsóknastofnun Landbúnaðarins 1988b. Gróður og Jarðakort. Viðey. 1613 III NV. 1:25 000.
- Rannsóknastofnun Landbúnaðarins 1989a. Gróður og Jarðakort. Mosfell. 1613 III NA. 1:25 000.
- Rannsóknastofnun Landbúnaðarins 1989b. Gróður og Jarðakort. Vífilfell 1613 III SA. 1:25 000.
- Sigmundur Einarsson, Haukur Jóhannesson og Árný E. Sveinbjörnsdóttir 1991. Krísuvíkureldar II. Kapelluhraun og gátan um aldur Hellnahrauns. Jökull 41:61-80.
- Ævar Petersen 1985. Dýralíf Innnesja. Í: Kristbjörn Egilsson (ritstj.) Innnes. Náttúrufar, minjar og landnýting. Náttúrufræðistofnun Íslands, unnið fyrir Staðarvalsnefnd um iðnrekstur, Reykjavík. Bls. 37-52 og 98-103 (viðauki).

8 VIÐAUKAR

1. viðauki. Flóra Klapparholts, Austurheiðar, Úlfarsár og Hamrahlíðarlanda

Um íslenskar nafngiftir er farið eftir Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986). Sama er að segja um latneskar nafngiftir nema á nokkrum slæðingum, þar sem farið er eftir Norsk flora (Lid og Lid 1994). Íslensku nöfnin á slæðingum eru úr bókinni: Myndskreytt flóra Íslands og norður-Evrópu (Blamey og Grey-Wilson 1992).

Íslenskt heiti:	Latneskt heiti:	Klapp- ar- holt	Austurheiði			Úlfars- á	Hamra- hlíðar- lönd
			Grafar- heiði	Hólms- heiði	Reynis- vatnsheiði		
Alaskalúpína	<i>Lupinus nootkatensis</i>	X	X	X	X	X	X
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>	X	X	X	X	X	X
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	X	X	X	X	X	X
Axhnoðapuntur	<i>Dactylis glomerata</i>			X			
Álftalaukur	<i>Isoetes echinospora</i>				X		
Baldursbrá	<i>Matricaria maritima</i>	X	X	X	X		X
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>						X
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>	X	X	X		X	X
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	X	X	X	X	X	X
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>		X		X	X	
Birki	<i>Betula pubescens</i>	X	X		X	X	X
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	X	X		X	X	X
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>	X	X	X	X		X
Blákolla	<i>Prunella vulgaris</i>					X	X
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>		X		X	X	X
Blátoppastör	<i>Carex curta</i>		X				
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	X	X	X	X	X	X
Blóðarfi	<i>Polygonum aviculare</i>	X		X		X	X
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	X	X	X	X	X	X
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>	X	X		X	X	X
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	X	X	X	X	X	X
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>	X	X	X	X	X	X
Bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>	X	X	X	X	X	X
Burnirót	<i>Rhodiola rosea</i>	X	X				X
Engjamura	<i>Potentilla erecta</i>		O				
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>	X	X		X	X	X
Eski	<i>Equisetum hyemale</i>	X	X	X	X		
Fergin	<i>Equisetum fluviatile</i>	X		X		X	
Fitjaskúfur	<i>Eleocharis quinqueflora</i>					X	
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>					X	X
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>						X
Fjalldalaffíll	<i>Geum rivale</i>	X	X			X	X
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>		X			X	
Fjallnykra	<i>Potamogeton alpinus</i>					X	
Fjöllaufungur	<i>Athyrium filix-femina</i>	X*					
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>	X	X	X	X	X	X
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>				X	X	
Flagasóley	<i>Ranunculus reptans</i>	X	X	X	X	X	X
Freyjubrá	<i>Leucanthemum vulgare</i>	O	O				
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	X	X	X	X	X	X
Fuglaertur	<i>Lathyrus pratensis</i>	X					
Garðabrúða	<i>Valeriana officinalis</i>	X	X	X			
Geitakál	<i>Aegopodium podagraria</i>	O	O				
Geithvönn	<i>Angelica sylvestris</i>	X				X	

Íslenskt heiti:	Latneskt heiti:	Klapp- ar- holt	Austurheiði			Úlfarsá	Hamra- hlíðar- lönd
			Grafar- heiði	Hólms- heiði	Reynis- vatns- heiði		
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	X	X	X	X	X	X
Gleym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>	X	X	X	X		
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>						X
Grasnykra	<i>Potamogeton gramineus</i>	X				X	
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>	X	X	X	X	X	X
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>	X			X		
Grávorblóm	<i>Draba incana</i>	X					X
Gullbrá	<i>Saxifraga hirculus</i>					X	
Gullkollur	<i>Anthyllis vulneraria</i>					X	
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>	X	X		X	X	X
Gullvöndur	<i>Gentianella aurea</i>						X
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	X	X	X	X	X	X
Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>	X				X	
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>	X	X	X	X	X	X
Hagavorblóm	<i>Draba norvegica</i>						X
Haugarfi	<i>Stellaria media</i>	X	X	X		X	X
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>	X	X	X	X	X	X
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>	X	X	X	X	X	X
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>	X	X	X	X	X	X
Hárdepla	<i>Veronica officinalis</i>	X					X
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>	X					X
Helluhnoðri	<i>Sedum acre</i>						X
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>				X	X	
Hindber	<i>Rubus idaeus</i>	O	O				
Hjartarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i>	X	X	X	X	X	X
Hlaðkolla	<i>Chamomilla suaveolens</i>	X		X	X	X	
Hnappstör	<i>Carex capitata</i>						X
Hnúskakrækill	<i>Sagina nodosa</i>	X	X	X	X	X	X
Holtafífill	<i>Hieracium microdon</i>					X	
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>	X	X	X	X	X	X
Holurt	<i>Silene uniflora</i>	X	X	X	X	X	X
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>	X			X	X	
Hóffífill	<i>Tussilago farfara</i>	X	X			X	X
Hófsóley	<i>Caltha palustris</i>	X				X	
Hrafnafífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	X				X	X
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymphaei</i>	X		X	X	X	X
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>	X		X	X	X	X
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>	X	X	X	X	X	X
Hrútaber	<i>Rubus saxatilis</i>	X	X	X	X		X
Húsapuntur	<i>Elymus repens</i>	X	X		X	X	X
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	X	X	X	X	X	X
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>	X	X	X	X	X	X
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	X	X	X	X	X	X
Íslandsfífill	<i>Hieracium islandicum</i>			X			X
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>	X			X	X	X
Jarðarber	<i>Fragaria vesca</i>				X		X
Kattarjurt	<i>Rorippa islandica</i>	X	X		X		X
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>	X	X	X	X	X	X
Klappadúnurt	<i>Epilobium collinum</i>						X
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>	X	X	X	X	X	X
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>	X	X	X	X	X	X
Knjáliðagras	<i>Alopecurus geniculatus</i>			X	X	X	
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	X	X	X	X	X	X
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	X	X		X	X	X
Krossfífill	<i>Senecio vulgaris</i>	X	X	X		X	X
Krossmaðra	<i>Galium boreale</i>	X	X	X	X	X	X

Íslenskt heiti:	Latneskt heiti:	Klapp- ar- holt	A u s t u r h e i ð i			Úlfarsá	Hamra- hlíðar- lönd
			Grafar- heiði	Hólms- heiði	Reynis- vatns- heiði		
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>	X	X	X	X	X	X
Lambaklukka	<i>Cardamine hirsuta</i>	X	X				
Langkrækill	<i>Sagina saginoides</i>					X	X
Laugabrúða	<i>Callitriche stagnalis</i>					X	
Laugasaf	<i>Juncus articulatus</i>					X	
Lindasaf	<i>Juncus ranarius</i>		X				
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>	X	X	X	X	X	X
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>	X	X	X		X	X
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>	X	X	X	X	X	X
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>	X	X	X	X	X	X
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>		X	X		X	X
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>	X	X	X	X	X	X
Lækjadepla	<i>Veronica serpyllifolia</i>	X		X		X	
Lækjagryta	<i>Montia fontana</i>	X				X	
Lækjasef	<i>Juncus bufonius</i>	X				X	X
Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>	X	X	X	X	X	X
Mariuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>					X	X
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>	X	X	X	X	X	X
Mjaðurt	<i>Filipendula ulmaria</i>	X	X		X	X	X
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>		X	X		X	X
Mosalyng	<i>Cassiope hypnoides</i>			X			
Mosasteinbrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>						X
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>	X	X	X	X	X	X
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>		X	X	X	X	X
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>	X	X	X	X	X	X
Mýrafinnungur	<i>Trichophorum caespitosum</i>					X	
Mýrasauðlaukur	<i>Triglochin palustris</i>	X				X	X
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>	X	X	X	X	X	X
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>	X		X		X	X
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>	X	X	X	X	X	X
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>					X	
Mýrfjola	<i>Viola palustris</i>	X	X	X	X	X	X
Naflagras	<i>Koenigia islandica</i>	X	X		X	X	X
Njóli	<i>Rumex longifolius</i>	X	X	X	X	X	X
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>	X	X	X	X	X	X
Purpurajistill	<i>Cirsium helenioides</i>	X					
Rauðberjalyng	<i>Vaccinium vitis-idaea</i>		X*				
Rauðkollur	<i>Knautia arvensis</i>	X*					
Reyniviður	<i>Sorbus aucuparia</i>	X	X				
Reyrgresi	<i>Hierochloë odorata</i>	X					
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>	X	X			X	
Sérbýlisstör	<i>Carex dioica</i>						
Sigurskúfur	<i>Epilobium angustifolium</i>	X	X				X
Síkjamari	<i>Myriophyllum alterniflorum</i>	X	X		X	X	
Silfurhnappur	<i>Achillea ptarmica</i>		X	X			
Skammkrækill	<i>Sagina procumbens</i>	X	X	X		X	X
Skarífifill	<i>Leontodon autumnalis</i>	X	X	X	X	X	X
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>	X		X			X
Skollafingur	<i>Huperzia selago</i>				X		
Skógarkerfill	<i>Anthriscus sylvestris</i>	X	X		X	X	X
Skógarsmári	<i>Trifolium medium</i>		O				
Skriðdepla	<i>Veronica scutellata</i>		X				X
Skriðlingresi	<i>Agrostis stolonifera</i>	X	X	X	X	X	X
Skriðsóley	<i>Ranunculus repens</i>	X	X	X	X	X	X
Skurfa	<i>Spergula arvensis</i>	X	X		X	X	X
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>		X			X	X

Íslenskt heiti:	Latneskt heiti:	Klapp- ar- holt	Austurheiði			Úlfarsá	Hamra- hlíðar- lönd
			Grafar- heiði	Hólms- heiði	Reynis- vatns- heiði		
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>			X			
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>	X	X	X	X	X	X
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>	X	X	X	X		
Sóttör	<i>Carex atrata</i>						X
Spánarkerfill	<i>Myrrhis odorata</i>		X	X			
Steindepla	<i>Veronica fruticans</i>						X
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>	X	X	X	X	X	X
Stjörnuarfi	<i>Stellaria crassifolia</i>					X	
Stjörnusteinbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>					X	
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>				X	X	
Tágamúra	<i>Potentilla anserina</i>	X	X	X	X	X	X
Tjarnaskúfur	<i>Eleocharis palustris</i>	X			X	X	
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>				X	X	
Tófugras	<i>Cystopteris fragilis</i>	X			X	X	X
Trefjasóley	<i>Ranunculus hyperboreus</i>					X	
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>	X	X	X	X	X	X
Túnfíflar	<i>Taraxacum spp.</i>	X	X	X	X	X	X
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	X	X	X	X	X	X
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>	X	X	X	X	X	X
Týsfjóra	<i>Viola canina</i>		X		X	X	X
Týtulíngresi	<i>Agrostis vinealis</i>	X	X	X	X	X	X
Umfeðmingsgras	<i>Vicia cracca</i>	X	X				
Undafíflar	<i>Hieracium spp.</i>	X	X	X	X	X	X
Vallarfoxgras	<i>Phleum pratense</i>	X	X	X	X	X	X
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>	X	X	X	X	X	X
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>	X	X	X	X	X	X
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>	X	X	X	X	X	X
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>	X	X	X	X	X	X
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>	X	X	X	X	X	X
Vatnsbrúða	<i>Callitriche spp.</i>	X		X		X	
Vatnsliðagras	<i>Alopecurus aequalis</i>		X				
Vætubleikja	<i>Barbarea stricta</i>		O				
Vætudúnurt	<i>Epilobium watsonii</i>	X	X	X		X	X
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>	X	X	X	X	X	X
Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>						X
Vetrarkvíðastör	<i>Carex chordorrhiza</i>				X	X	
Viðja	<i>Salix myrsinifolia ssp. borealis</i>	O	O		O		O
Vorbrúða	<i>Callitriche palustris</i>	X					
Þistill	<i>Cirsium arvense</i>						X
Þráðnykra	<i>Potamogeton filiformis</i>					X	
Þráðsef	<i>Juncus filiformis</i>	X				X	
Þrenningarfjóra	<i>Viola tricolor</i>	X					
Þríhymburkni	<i>Thelypteris phegopteris</i>	X*					
Þúfusteinbrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>					X	X
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>		X	X	X	X	X
Ætihvönn	<i>Angelica archangelica</i>	X	X	X	X	X	X
Fjöldi tegunda		135	121	96	106	138	131
Alls	198						

x* = Tegundinni hefur líklega verið plantað. o = Tegundin er slæðingur.

2. viðauki. Yfirlit um fuglalíf í austurlandi Reykjavíkur

Tegund	Norðlingaholt	Austurheiði	Úlfarsá	Úlfarsfell
Lómur	G3	G3		
Himbrimi			G3	
Flórigoði		V3(V)		
Fýll			G2	G1
Gráheeri			G3/G1	
Álft	V3/G3	V3/G1	G1	
Grágæs	V1	V1	V1	G1
Helsingi			G3	G2(V)
Rauðhöfðaönd	V3	G3(V)	G2(V3)	G2
Urtönd	V3	V3	V1/G1	
Stökkönd	V2	V1	V1/G1	G2/V3
Skúfönd	G2(V3)	G1(V)	V3/G3	
Duggönd	G2(V3)	V3/G2	V3	
Æður		V3	V2	
Straumönd	G2		G3	
Toppönd	V3	V2	V3/G3	
Gulönd	G2		G2	
Smvrill		(V)	G2	G2
Fálki			G3	G3
Rjúpa	(V3)	V2	V2	V1
Tialdur	V2	V2	V1	V3
Sandlóa	V3	V3	V1	V3
Heiðlóa	V1	V1	V1	V1
Vepja			G3	
Sendlingur			G3	
Lóubraell	V1	V2	V1	
Hrossagaukur	V1	V1	V1/G3	V1
Jaðrakan	V2	V3	V3	G3
Spói	V1	V1	V1	V1
Stelkur	V1	V1	V1	V1
Óðinshani	G2/V3	V3	V3/G3	
Kjó	V3	V3/G2	G2	
Hettumáfur	G1/V3	G1(V)	G2(V)	G2
Stormmáfur			V3	V3/G3
Sílamáfur	G1	V2/G1	V1	V1
Silfurmáfur	G3	G3	G3	G3
Hvítmáfur	G3	G3	G3	
Svartbakur	G2	G2	G3	
Kría	G3/V3	V2	V1	V1
Húsdúfa			G3	(V)
Evrugla		G3		
Brandugla	G3	G3	G3	
Landsvala			G3	
Þúfuttlingur	V1	V1	V1	V1
Maríuerla	V3	V2	V3	V3
Músarrindill			G3	
Steindepill	V3	V2	V3/G3	V2
Skógarbröstur	V1	V1	V1/G1	V1
Hrafn	G2	G2(V)	G2	G2
Stari	V3	V2	V1	G2(V)
Krossnefur			G3	
Auðnutittlingur	G2(V3)	(V3)	G1(V)	V3
Sportittlingur			G3	
Sniótittlingur	G3/V?	G1/(V)	G1	V3/G1
Alls	37	39	51	29

V = varpfugl, G = gestur, F = flækingur; 1 = algengur/tíður, 2 = allalg., 3 = sjaldg./fáliðaður.
(V) = varp áður eða óvíst með varp.

3. viðauki. Fuglar skráðir á Klapparholti (Norðlingaholti) og Bugðu að Elliðavatnsvegi við Rauðhóla

Lómur	Sáust stundum á 8. áratugnum á flugi, væntanlega á leið til og frá varpstöðvum á Elliðavatni og nálægum tjörnum, en þar urpu þeir fram undir 1980 (KHS o.fl. 1994).
Álft	Sést oft á Bugðu og hefur orpið í mýrinni við Rauðhóla.
Grágæs	Grágæsin er einkennisfugl votlendisins við Bugðu og varla færri en 40 pör verpa þar. Gæsirnar leita oft á ána með ungana. Stöku sinnum sjást grágæsir á svæðinu á veturna.
Urtönd	Strjáll varpfugl við Bugðu.
Rauðhöfðaönd	Sést oft á Bugðu og í votlendinu og verpur eitthvað.
Stökkönd	Algengasta öndin. Verpur nærri Bugðu, í votlendinu og hér og þar á holtinu. Stökkendur halda til á veturna þegar áin helst auð.
Duggönd	Sést oft á Bugðu á sumrin og stöku pör verpa að öllum líkindum.
Skúfönd	Líklega algengari en duggönd og strjálíngur verpur líkast til að svæðinu.
Straumönd	Sést stundum á Bugðu, enda verpur hún stundum við ofanverða Hólmsá.
Toppönd	Algeng á Bugðu og verpur við ána. Toppendur sjást oft á flugi yfir Klapparholti í júní.
Gulönd	Vetrargestur á Bugðu, einkum við ósa hennar.
Rjúpa	Strjáll varpfugl.
Tjaldur	Strjáll varpfugl í lítt grónu landi þar sem það er að finna, eins og holtum, melum og vegköntum. Tjaldar verpa í Rauðhólum og sjást þeir oft við Bugðu.
Sandlóa	Strjáll varpfugl sem verpur í svipuðu kjörlendi og tjaldurinn.
Heiðlóa	Algengur varpfugl víða á athugunarsvæðinu.
Lóupræll	Algengur varpfugl í votlendinu við Bugðu (ad/unga 26. júní 1994).
Hrossagaukur	Verpur víða í votu sem þurru graslendi.
Jaðrakan	Varpfugl í votlendinu. A.m.k. 5 pör verpa þar og sjást jaðrakanar oft á flugi yfir Klapparholti á varptíma.
Spói	Verpur víða í opnu, þurru landi.
Stelkur	Algengur varpfugl í grónu landi.
Óðinshani	Sést á Bugðu og í votlendinu þar um kring og verpur að öllum líkindum.
Hettumáfur	Sést oft við Bugðu og verpur að öllu líkindum eitthvað á Hólmsengjum.
Sílamáfur	Algengasti máfurinn og er daglegur gestur yfir sumarið. Verpur í næsta nágrenni.
Silfuramáfur	Hinn 7. maí 1974 sást a.m.k. 1 á máfasetstað við Bugðu.
Hvítamáfur	Í fyrrnefndu máfageri voru a.m.k. 2 hvítámar.
Svartbakur	Sést af og til en hefur ekki orpið svo vitað sé.
Kría	Algeng við Bugðu og þar verpa stöku pör.
Brandugla	Hinn 30. maí 1982 sást brandugla við Bugðu austast á athugunarsvæðinu.
Þúfútittlingur	Algengur varpfugl um allt svæðið og líklega algengasti mófuglinn (hreiður fannst 6. júní 1972).
Maríuerla	Verpur víða í húsum, hlöðnum görðum og öðrum mannvirkjum.
Steindepill	Varp áður (á 7. og fram á 8. áratuginn) allvíða, t.d. í hlöðnum görðum og grjóthrúgum. Hefur fækkað á síðustu áratugum (KHS o.fl. 1994), en verpur sennilega strjált ennþá.
Skógarbröstur	Algengur varpfugl víða í trjám, á mannvirkjum, skurðbökkum o.þ.h.
Hrafn.	Venjulega verpa ein hrafnshjón í Rauðhólum, en hreiðrið er oft eyðilagt. Þessir hrafnar og aðrir sjást tíðum á sveimi vestan Bugðu.
Stari	Verpur í þar til gerðum fuglahúsum og víðar í mannvirkjum. Var byrjaður að verpa við Baldurshaga á Klapparholti 1971 en þá urpu þar um 3 pör.
Auðnutittlingur	Verpur óreglulega í görðum. Sækir í birkifræ og sést meira og minna allt árið um kring.
Snjótittlingur	Algengur vetrargestur en óvíst er með varp.

4. viðauki. Fuglategundir í Austurheiði

Lómur	Sást á Rauðavatni skömmu eftir aldamótin 1900 en hefur ekki sést á síðari árum.
Flórgoði	Sjaldgæfur gestur, hefur orpið við Rauðavatn (1 par um 1960).
Álft	Par hefur orpið í Starmýri og nokkrir fuglar sjást iðulega á Rauðavatni.
Grágæs	Algengur varpfugl og sést einkum með unga sína við vötnin. Sennilega verpa fáeinir tugir para á svæðinu.
Rauðhöfði	Hefur orpið við Rauðavatn (um 1960) og sést þar stundum síðsumars.
Urtönd	Sást í Starmýri 1995 og kann að verpa á svæðinu.
Stökkönd	Nokkur pör verpa sennilega við öll vötnin.
Skúfönd	Sést oft á Rauðavatni (10-15 fuglar) og verpur e.t.v.
Duggönd	Algeng á Rauðavatni og verpur stundum, t.d. 1994 (1 kolla með unga).
Hávella	Sást á varptíma á Rauðavatni um 1905 en óvíst var með varp.
Æður	Fáein pör hafa orpið við Reynisvatn en þeirra varð ekki vart 1995.
Toppönd	Nokkur pör verpa við Rauðavatn; sést einnig við Reynisvatn og Langavatn.
Smyrill	Varp í Smyrilshöfða austan við Grafarholt laust eftir aldamótin 1900 (Björn Björnsson 1914).
Rjúpa	Allalgengur varpfugl í heiðunum og sést einnig á vetrum.
Tjaldur	Stöku pör hafa orpið við Rauðavatn (sást 1995) og Reynisvatn.
Sandlóa	Strjáll varpfugl við Rauðavatn (1 par austan vatns 1995) og e.t.v. víðar.
Heiðlóa	Mjög algengur varpfugl.
Lóupræll	Strjáll varpfugl í heiðunum og í Starmýri.
Hrossagaukur	Algengur varpfugl í heiðunum (pör /km ²).
Jaðrakan	Líkast til strjáll varpfugl (Starmýri) en annars sjaldgæfur á þessu svæði.
Spói	Algengur varpfugl í heiðunum.
Stelkur	Allalgengur varpfugl á svæðinu.
Óðinshani	Strjáll varpfugl og sumargestur, einkum við Rauðavatn og í Starmýri.
Kjóí	Alltíður gestur og stöku pör hafa orpið fram á síðustu ár, m.a. í Starmýri. Þar var ekki varp 1995.
Hettumáfur	Algengur gestur á Rauðavatni og varp þar kringum 1960.
Sílamáfur	Nokkur pör verpa á heiðunum upp af Rauðavatni. Er algengur allt sumarið við vatnið.
Silfur máfur	Sjaldgæfur gestur sem sést stundum í hópum máfa við Rauðavatn.
Svartbakur	Sjaldgæfur gestur sem sést mest allt árið á flugi yfir svæðinu. Notar einnig Rauðavatn til baða.
Kría	Allalgengur varpfugl við Rauðavatn (um 40 pör 1995) og hefur orpið við Reynisvatn.
Brandugla	Sjaldgæfur gestur, einkum í trjálundi við Rauðavatn.
Eyrugla	Flækingur frá Evrópu. Stöku fuglar hafa sést í trjálundi við Rauðavatn.
Þúfuttlingur	Algengur varpfugl í mólendi á svæðinu.
Mariuerla	Strjáll varpfugl en sést í ríkari mæli síðsumars (fargestir).
Steindepill	Strjáll varpfugl í holtunum, þéttleiki á sniðum um 3 pör /km ² .
Skógarþröstur	Algengur varpfugl í trjálundum og skógræktarreitum.
Hrafn	Allalgengur gestur árið um kring. Verpur í grenndinni, t.d. í Rauðhólum og hefur orpið austan við golfvöllinn hjá Grafarholti.
Stari	Verpur eitthvað í húsum og mannvirkjum, t.d. við Rauðavatn.
Auðnutittlingur	Sást í lundinum við Rauðavatn sumarið 1995 og verpur þar líklega.
Snjóttittlingur	Algengur vetrargestur, varp áður við Reynisvatn (t. d. 1984) og e.t.v. víðar. Fannst ekki í varpi sumarið 1995.

5. viðauki. Mat á þéttleika mófugla í Austurheiði

Talið var tvisvar sinnum á hverju sniði og er hærri talan sýnd hér fyrir hverja tegund. Lengd sniða var mismunandi en breiddin ávallt 100 m. Hér er aðeins getið mófugla sem sýndu ótvírætt varpatferli en allir fugla voru skráðir og athuganir flokkaðar í þrjú belti: (1) innan 50 m frá miðlínu sniðs, (2) 50-100 m frá miðlínu og (3) athuganir þar fyrir utan. Hvert snið var 1-2 km á lengd og er staðsetning þeirra sýnd á 6. mynd.

	Fjöldi para/km ² á hverju sniði:									
	A	B	C	D	E	F	G	H	I	Meðaltal
Tegund/ Snið (km²)	0,16	0,13	0,1	0,12	0,18	0,24	0,19	0,24	0,26	-
Rjúpa	6			8	6					2,7
Tjaldur										(0,7)
Heiðlóa	63	54	60	42	39	29	32	34	35	42
Lóuþræll									8	0,9
Hrossagaukur	12	31	20	17	13	17	32	8	15	18
Spói	44	46	40	17	17	27	16	17	19	27
Stelkur	6	15		8	6		5		15	6
Þúfutittlingur	19	15	20	25	12	8	26	17		16
Steindepill				8		4		4	8	1,8
Skógarþröstur		8		8						1,8
Pör/ km²	150	185	140	133	93	85	111	80	100	118

6a. viðauki. Fuglatalningar við Úlfarsá. Frá Hafravatni að Vesturlandsvegi

Tegund	Hafravatn- Garður STh		Garður Sth- Vesturlvegur		Samtals		Athugasemdir
	V	A	V	A	V	A	
Urtönd	1/u*	2k+4kv	1/u		2/u	6	*1/u táknar 1 kv. m/U
Stökkönd	p*2k		6kv/u	3 kv			
Skúfönd				1kv		1	
Duggönd	1/u		1/u	4*	2/u	4*	*par + 2 kv
Toppönd	kv*						*kv. m. varpatferli
Tjaldur	p		p/u		2p		
Sandlóa		1		1		2	2 fullorðnar
Heiðlóa	8	11	5		13p	11	
Sendlingur				1*		1*	*m."grunsamlegt atferli."
Lóupræll	1		2	1	3p	1	
Hrossagaukur	1	1	3	4	4p	5	
Jaðrakan	2				2p		
Spói	7		6		13p		
Stelkur	10		8*		18p		*þ.a. 1p með unga
Óðinshani		1		3		4	
Hettumáfur	1*	1			1	1	1 með varpatferli
Sílamáfur			10		10		fullo. í varpi
Kría	+	4			+	4	*Sömu vörp og 1995
Þúfutittlingur	5		6		13p		
Maríuerla	p/u		p/u		2p		
Skógarpröstur			fu*		+		*ótaldir fl. ungar
Stari		1		5		6	

Talið 3. júlí 1994. P = par, k = karfugl, kv = kvenfugl/kolla, u = ungar

6b. viðauki. Fuglatalning á Úlfarsá frá upptökum til ósa

Tegund	Hafravatn - Garður STh.		Garður STh. - Vesturlv.		Vesturlv. - Korpa		Korpa - Ós		Alls		Athugasemdir
	V	A	V	A	V	A	V	A	V	A	
Fýll											
Grágæs	14p	37	9p	1				3p	23p	44	
Urtönd	2p + 5k		4 k		3k+kv		2 k		16 k+3kv		
Stökkönd	2p+12k+2kv		8k+kv *		2p+15k+kv		7k+kv		46k+10kv		* + kv/4 unga
Skúfönd			4kf+kvf						4 k + kv		
Duggönd	p		p						2p		
Æður			3 p + 2 k		4 p+4k		3p+2k+kv		10p+8k+kv		
Toppönd	p		kf		2 kf				p + 3 k		
Rjúpa					1 k				1 k		
Tjaldur	1	1	5		1		4		11p	1	
Sandlóa			2		5	2	4		11p	2	
Heiðlóa	8	1	10	4	1		5		24p	5	
Sendlingur								1		1	
Lóupræll	4	6	2	7	2	3	1	2	9p	18	
Hrossagaukur	8	4	4	2	9	5	4	5	25p	16	
Jaðrakan	1		1						2p		
Spói	5		10		3		3		21p		
Stelkur	7	11	7	9	7	9	4	3	25p	32	
Óðinshani		k	3 p		2p+ 2kv				5p+k+2kv		
Kjóí		2								2	
Hettumáfur						4		1		5	
Stormmáfur			p						p		
Sílamáfur	10p	43	6p			1ad	p	2	17p	46	
Kría	~9p	2		1	30+	9			48+	12	
Þúfutittlingur	7	4	11	6	6	1	6		30p	11	Öruggl. Lágmarkst.
Maríuerla	1				1				2p		
Steindepill							2	1	2p	1	
Skógarpröstur	1	2	1		6		1		8p	3	
Stari				31					+	31	Verpa í nágr. ár
Auðnutittlingur				1						1	Óreglulegur varpfugl

Hafravatn - Vesturlandsvegur talið 3. júní 1995 kl. 09:50-12:40. Vesturlandsvegur - Blikastaðakró talið 6. júní 1995 kl. 10:30-13:00.

6c. viðauki. Fuglatalning á Úlfarsá frá upptökum til ósa

Tegund	Hafravatn- Garður STh.		Garður STh. - Vesturlv.		Vesturl. - Korpa		Korpa - Ós		Alls		Athugasemdir
	V	A	V	A	V	A	V	A	V	A	
Fýll								5		5	varpfugl í Hamrahlíð
Urtönd	3/u	2	6/u		2/u			1	11/u	3	3/u=3 kv. m. unga
Stökkönd	2kv/u	5	8kv/u	kf	kv/u		kvf/u	p+2kf	12kv/u	10	
Duggönd						kv				kv	
Æður					2 kv/u		2/u	7kv	4/u	7kv	
Toppönd	kv*	kv							kv	kv	*kv. m. varpatferli
Tjaldur					2	2	1		3p	2	
Sandlóa	1	1			2	2	4	1	7p	4	
Heiðlóa	4	2	8	6*	4	21	4	2	20	31	*þ.a. 3 fleygir ungar
Lóupræll		1			4		1		5p	1	
Hrossagaukur		4		5	6	5	3	3	9p	17	
Spói	6	5	7		3		2		18p	5	
Stelkur	3	10*		6*	10		7	1	20p	17*	*þ.a. a.m.k. 7 fl. ungar
Óðinshani		2			k*	7			1k	9	*kf. m. varpatferli
Hettumáfur						9		2		11	
Stormmáfur			p						p		
Sílamáfur	3	4	6			4	2p	5	~10p	13	
Kría	3			11	+	7		1	+	19	*2p auk fugla í vörpum
Þúfutittlingur	5	8	7	3	13	1	11		36p	12	
Maríuerla					3*		1		2p		*fullo/2 unga
Skógarþröstur		1			2	1u			2	2	
Stari								52*		52	*þ.a. 40 v/Korpúlfsst.
Minkur				1						1	

Hafravatn - Vesturlandsvegur talið 23. júlí 1995. Vesturlandsvegur - Blikastaðakró talið 8. júlí 1995. Hafa verður í huga hversu seint þessi hluti árinna var talinn. Var það m.a. gert til að kanna hvaða kafendur væru með unga á þessum tíma. Því ætti einnig að bera þessa talningu saman við talninguna frá 3. júlí 1994 (sjá að framan) en þá var talið á svipuðum tíma og neðri hlutinn árinna var talinn 1995.

7. viðauki. Fuglar við Úlfarsá

Himbrimi. Sjaldgæfur gestur, hefur aðeins sést einu sinni (að kveldi 5. ágúst 1994) þegar 3 himbrimar sáu st fljúga niður dalinn við Lambhaga.

Fýll. Fremur sjaldséður í Úlfarsárdal. Sést frá því í lok febrúar fram í júní, mest í apríl. Þetta eru sjálfsagt fuglar sem verpa í Hafrahlíð við Hafravatn. Fýlar á leið til og frá varpstöðvum í Hamrahlið í Úlfarsfelli sjást tíðum við neðanverða ána.

Gráhegri. Sjaldséður vetrargestur. Gráhegrar hafa á síðari árum þrisvar sést eða haldið til við Úlfarsá og grennd, svo kunnugt sé. Frá því í nóvember 1985 fram í janúar 1986 var hegri við Lambhaga (HP) og 5. mars 1994 sást ungur hegri við Engi, sennilega sá sami og hélt til við Laxalón undir Grafarholti þennan sama vetur. Loks sást hegri á flugi við Úlfarsá hjá Lambhaga/Engi 26. nóvember 1995.

Álft. Hefur sést í flestum mánuðum nema yfir háveturinn (janúar) og hásumarið (júlí - ágúst). Mest ber á álfum á vorin (apríl-maí) og sjást þær oft daglega á flugi ofan Vesturlandsvegar á leið til og frá Leirtjörn, Hafravatni og sjálfsagt fleiri vötnum. T.d. hélt álfahópur sig á Leirtjörn vorið 1995, allt að 26 fuglar sáu frá því ísá leysti í lok apríl þangað til tjörnin þornaði upp í lok maí. Álftir sjást stöku sinnum á Úlfarsá á veturna þegar hún er auð neðst í dalnum, t.d. héldu 6 álftir sig á ánni síðari hluta nóvember 1995.

Grágæs. Algengur varpfugl og vetrargestur þegar áin er auð og jarðbönn hamla ekki. Hefur sést í öllum mánuðum árs en er mest áberandi á vorin (apríl-júní) og haustin (september/október). Þá sjást gæsir gjarnan í túnum, t.d. við Úlfarsfell. Skv. könnuninni sumarið 1995 má ætla að a.m.k. 23 grágæsaþjón verpi við Úlfarsá ofan Vesturlandsvegar, en lítið sem ekkert neðan hans. Þessi tala á sennilega aðeins við gæsavarpnið næst ánni. Aðalgæsalandið eru mýrarnar efst við ána (Mómýri - Skurðamýri - Foramýri) og mýrin neðan Úlfarsárþæjar. Gæsirnar ala ungana upp í mýrlendinu. Meðaltal unga hjá 17 gæsaþjónum á árunum 1993-94 voru 3,2 ungar á par. Grágæsir eru tíðar á veturnum við ána, sérstaklega á því svæði sem helst oftast autt (frá Lambhaga niður að Fossaleynisfossum), allt að 2 tugir fugla. Þær sjást einnig á túnum og graslendi þegar jarðbönn hamla ekki beit.

Helsingi. Sjaldgæfur gestur. Hinn 14. september 1995 sáu sex helsingjar á flugi upp með ánni hjá Lambhaga (HP).

Rauðhöfðaönd. Fremur sjaldséð. Rauðhöfðar eru ekki árvissir, en verpa þó hugsanlega stöku sinnum við ána. Tveir stakir steggir sáu 4. júní 1984 (Ævar Petersen 1985). Þar sást nokkrum sinnum í maí og júní 1992. Hinn 12. janúar 1994 sást þar á ánni við Lambhaga.

Urtönd. Algengur varpfugl og vetrargestur og næst algengasta öndin á ánni. Í júníbyrjun 1995 sáu stöku 16 steggir á ánni og í júlí sama ár sáu 11 kollur með varpatferli. Urtöndin er þekkt fyrir felugirni og styggð og því má varlega áætla að um 15-20 urtandahjón verpi við ána. Mun meira verpur í Úlfarsárdal ofan Vesturlandsvegar, heldur en við Korpúlfsstaðaá (4. tafla). Fáeinir steggir fella flugfjaðrir í ljósastarabreiðum við efri hluta árinna. Urtendur eru á lindasvæðinu neðst í Úlfarsárdal allan veturinn þegar hún helst þar auð. Í hlýindum á veturna ber meira á þeim eins og t.d. 6. janúar 1996 þegar 19 urtendur sáu frá Úlfarsá að Fossaleynisfossum, en engar neðan þeirra. Mest ber á urtöndum á haustin, frá september til október og hafa um 35 fuglar sést í hóp á ánni við Engi. Lítið sást af þeim haustið 1995, en þeim mun meira á Grafarvogi og virðist vera samgangur anda milli árinna og vogsins, t.d. leita gulendur á Grafarvog á veturna þegar ána leggur alveg.

Stökkönd. Algengur varpfugl og vetrargestur og algengasta öndin á og við ána. Í talningu í júníbyrjun 1995 sáu stöku 46 steggir á ánni og gæti það gefið vísbendingu um að nálægt 40 stökkandahjón verpi við ána. Steggirnir voru nokkuð jafndreifðir, 22 sáu ofan Vesturlandsvegar og 24 neðan hans. Fyrstu ungarnir sáu 31. maí en kollur með unga hafa sést fram í ágúst. Nokkrir steggir fella flugfjaðrir við ána, t.d. sáu 15 steggir í felli neðst í dalnum 28. ágúst 1994.

Tíðarfar ræður mestu um hversu margar stökkendur eru á Úlfarsá á veturna. Mest sést í hlákum og í kjölfar leysingaflóða. Hinn 6. janúar 1996 sáu alls 49 fuglar frá Úlfarsárbæ og niður úr, en hlýindi höfðu verið frá áramótum. Venjulega eru 1-2 tugir fugla á linda- og kaldavermulasvæðinu milli Úlfarsárþéjar og Vesturlandsvegjar þar sem áin er oftast auð á veturnum, en þó kemur fyrir að þennan hluta leggi alveg.

Skúfönd. Strjáll varpfugl. Líklega verpa 1-2 þör árlega við ofanverða ána. Skúfendur hafa sést frá 9. apríl fram til 28. október og auk þess einu sinni um hávetur, 10. janúar 1995.

Duggönd. Strjáll varpfugl, en algengari en skúfönd. Hinn 3. júlí 1994 sáu 2 kollur með varpatferli og auk þess þar og 2 kollur á efri hluta árinna. Duggendur hafa auk þess sést á stíflulóninu ofan Fossaleynisfossa. Duggendur koma síðar og fara fyrir en skúfendur. Duggendur eru algengar á Hafravatni á vorin.

Æður. Allalgengur varpfugl og sumargestur. Fyrstu fuglarnir sjást um miðbik ár (við Lambhagahverfi) kringum miðjan maí (frá 13. - 18. maí) og eru þeir mest áberandi út þann mánuð og í júní. Fuglar sjást upp undir Úlfarsárbæ, en kollur með unga hafa ekki sést ofar en á stíflulóninu ofan Fossaleynisfossa. Líklega verpa um 20 kollur á víð og dreif með neðanverðri ánni. Blikarnir eru horfnir uppúr miðjum júní, en þá fara geldkollur að sjást. Kollur með unga leita fljótlega til sjávar, en þó hafa sést hálfíðraðir ungar á ánni. Æðurin er að mestu horfin uppúr miðjum júlí, en mikið er af fugli í Blikastaðakró við ósinn allt árið.

Straumönd. Sjaldgæfur gestur, m.a. sást stakur steggur efst á ánni í maí 1976.

Toppönd. Sumargestur og strjáll varpfugl. Stöku fuglar sjást að vetrarlagi. Er mest áberandi í maí og júní, oftast sjást þör eða stakir fuglar. Í talningu í byrjun júní 1995 sást þar og 3 steggir dreifð á ánni nema neðst. Líklega verpa 1-4 þör árlega, en toppönd hefur aðeins einu sinni sést með unga, kolla með 7 stálpaða unga við brúna á Vesturlandsvegi 4. sept. 1992. Stöku fuglar sjást á veturna, stundum með gulöndum.

Gulönd. Tíður vetrargestur sem sést yfirleitt frá því síðla í nóvember fram í mars-apríl þegar áin helst auð. Flestar hafa þær sést 6 saman. Af 47 kyngreindum fuglum voru 30 steggir og 17 kollur.

Smyrill. Fyrst og fremst haustgestur, en sést einnig á veturna og vorin, oftast stakir fuglar. Á haustin sjást aðallega ungfuglar sem sækja í þresti í gördum frá ágústlokum fram eftir september. Á veturna er bráðin snjóttlingar, starar og mýs.

Fálki. Sjaldséður gestur um háveturinn.

Rjúpa. Algengur varpfugl í holtum og móum umhverfis ána og sést allt árið. Flestir fuglar sjást á haustin, en minnst ber á rjúpu yfir háveturinn. Vart verður við fyrstu ropkarrana seint í mars (1. athugun 23. mars). Síðan eru rjúpur alláberandi fram í júníbyrjun, þegar varp hefst. Fyrstu ungar hafa sést 7. júlí. Á haustin, frá því síðla í september fram í nóvember eru rjúpur mjög áberandi í Lambhagahverfi og hafa flestar sést 25 saman. Haustið 1995 voru helstu afföll á rjúpum sem merktar höfðu verið í Úlfarsfelli af völdum minks sem heldur til við ána (Ólafur Karl Nielsen, munnl.).

Tjaldur. Algengur varpfugl á holtum og melum við ána. Vart verður við fyrstu tjaldana fyrri hluta apríl (3.-12. apríl). Þeir verða strax mjög áberandi upp frá því. Alls sáu 11 þör með varpatferli í talningu í byrjun júní 1995, flest milli Úlfarsárþéjar og Vesturlandsvegjar og neðan Korpúbæjar. Tjaldarnir hverfa að mestu um mánaðamótin júlí/ágúst þegar ungarnir eru orðnir vel fleygir. Síðasta athugun er frá 4. september.

Sandlóa. Algengur varpfugl í svipuðu kjörlendi og tjaldur. Alls fundust 11 þör með varpatferli í talningu í byrjun júní, langflest þeirra eða 9 neðan Vesturlandsvegjar. Sandlóur sjást aðeins yfir varptímamann við efri hluta árinna.

Heiðlóa. Algengur varpfugl og sést oft í hópum, sérstaklega síðsumars og á haustin. Fyrstu lóurnar hafa sést 8. apríl, þær fyrstu setjast upp síðari hluta sama mánaðar og verpa í byrjun maí þó aðalvarptíminn sé um mánaðamótin maí/júní. Í talningum í byrjun júní fundust 24 pör með varpatferli við ána, þar af 18 ofan Vesturlandsvegar en eingöngu 6 neðan hans. Reyndar voru 8 pör með varpatferli neðan vegar 8. júlí. Lóurnar hverfa að mestu í september, sjást þá stundum hundraða tali í hópum á túnnum. Síðasta athugun er 16. október.

Vepja. Sjaldgæfur flækingur. Hefur sést einu sinni, 12. nóvember 1993, stakur fugl á flugi við Úlfarsá nærri Lambhaga.

Sendlingur. Sjaldséður sumargestur sem kann e.t.v. að verpa í grennd við ána. Hinn 3. júlí 1994 sást stakur fugl við Úlfarsá og 6. júní 1995 var annar neðarlega við ána. Vafalítið sjást þeir oftast á þeim slóðum en athuganir eru af skornum skammti.

Lóupræll. Algengur varpfugl í votlendi og hálfraestu mýrlendi meðfram ánni. Í talningu í byrjun júní 1995 voru 9 pör með varpatferli og auk þess sáu 18 fuglar. Sex þessara 9 para og 13 hinna fuglanna voru í dalnum ofan Vesturlandsvegar. Líklegt er að 10-20 pör verpi við ána. Lóuprællarnir standa stutt við, þeir fara að helga sér varpland með sínu ómþýða trilli um miðjan maí og eru að mestu horfnir í júlí. Ófleygir ungar sjást fram í lok júlí.

Hrossagaukur. Algengur varpfugl, einnig áberandi á vorin og haustin og stöku fuglar sjást að vetrarlagi. Á vorin hefur orðið vart við fyrstu farfuglana á tímabilinu 9. - 16. apríl, fer það nokkuð eftir árferði og einnig hvenær þeir byrja að helga sér varplönd með hinu alkunna hneggi. Þegar hlýtt er byrja hrossagaukar að hneggja fljótlega eftir komu sína en síðar í kuldatíð. Þeir hneggja síðan fram undir miðjan júlí. Hrossagaukar verpa í grónu landi víða meðfram ánni. Þeir fyrstu eru fullorpnir fyrir miðjan maí. Í talningunni í byrjun júní 1995 fundust alls 25 fuglar/pör með varpatferli og 16 sáu að auki og skiptust þeir nokkuð jafnt á efri og neðri hluta ár. Hrossagaukar eru algengir í skurðum og votlendi í september og fram í október. Stöku fuglar sjást í heitum afrennisskurðum á veturna, t.d. sáu 3 í skurði við Lambhaga á jóladag 1995.

Jaðrakani. Strjáll varpfugl, 2-3 hjón verpa árlega við ána ofan Vesturlandsvegar. Í talningum 1994 og 1995 sáu tvenn hjón með varpatferli bæði árin. Hinn 4. júní 1984 sáu þó 5 pör/fuglar með varpatferli á sömu slóðum (Ævar Petersen 1985). Hinir fyrstu sjást um miðjan maí og þeir hverfa um leið og ungar verða fleygir í júlí.

Spói. Algengur varpfugl í mólendinu kringum ána og einkennisfugl þess ásamt heiðlóunni. Fyrstu spóarnir hafa sést á tímabilinu 5.-10. maí og byrja þeir að helga sér land (vella) fljótlega eftir að þeir koma. Alls sást 21 par með varpatferli í talningu í júníbyrjun 1995, 15 ofan vegar og 6 neðan. Fullorðnu fuglarnir eru að mestu horfnir um mánaðamótin júlí/ágúst en ungar sjást fram í september, hinir síðustu 8. sept.

Stelkur. Algengur varpfugl í graslendi og mýrum við Úlfarsá. Fyrstu stelkarnir hafa sést við Lambhaga dagana 17.-21. apríl og byrja þeir þá strax að syngja. Alls sáu 25 stelkahjón með varpatferli í talningu í byrjun júní 1995 (14 við efri og 11 við neðri hlutann) og 32 fuglar að auki (20 við efri hlutann og 12 við þann neðri). Hinn 8. júlí sama ár sáu þó 17 hjón með varpatferli við neðri hluta árinna neðan Vesturlandsvegar. Stelkarnir hverfa þegar ungar verða fleygir í júlí.

Óðinshani. Sumargestur og nokkur pör verpa líklega dreift með ánni nema neðst. Hinn 4. júní 1984 sáu 6 pör á ofanverðri ánni (Ævar Petersen 1985). Lítið varð vart við óðinshana sumrin 1992 og 93. Í talningu 3. júlí 1994, sáu alls 4 á ánni ofan Vesturlandsvegar. Í talningu í byrjun júní 1995 sáu alls 13 (5 pör, karlfugl og 2 kvenfuglar) og 8. júlí s.á. sáu 8 fuglar á neðri hlutanum, þ.a. 1 karlfugl með varpatferli. Að öllum líkindum verpa því nokkur pör við ána. Síðustu fuglarnir sáu 23. júlí. Stofninn hefur verið í lægð undanfarin ár og hefur óðinshana fækkað víða.

Kjó. Sumargestur. Kjóar hafa sést á flugi frá 3. júní til 20. ágúst, oftast stakir en tvisvar þó 2 saman.

Hettumáfur. Sumargestur sem varp fyrrum nærri Úlfarsfelli (Ævar Petersen 1985). Þrír fuglar sem virtust vera að verja hreiður sáust þó á svipuðum slóðum 19. maí 1992 og einn að auki 3. júlí 1994. Því er líklegt að stöku pör verpi enn á þessum slóðum. Hettumáfar sjást við Lambhaga aðallega í maí og júní. Hinn 8. júlí 1995 sáust 11 við ána neðan Vesturlandsvegar.

Stormmáfur. Árviss en strjáll varpfugl. Ein til þrenn hjón verpa við eða í nágrenni árinna. Á árunum 1992 til 1995 urpu ein hjón á svipuðum slóðum í jaðri sílamáfavarps skammt neðan Úlfarsárþæjar. Þau komu upp ungum öll árin nema sennilega ekki 1993. Vorið 1991 sáust þrenn hjón tíðum á sveimi í Lambhagahverfi. Sumarið 1995 voru fuglar með unga við enda Halla skammt norður af Lambhaga og það sumar hafa því allavega tvenn hjón orpið. Fyrstu fuglarnir sjást oftast í byrjun maí (fyrst 1. maí). Fyrsta hreiður sem fullorpið var í fannst 20. maí. Fuglarnir hverfa að mestu um mánaðamót júlí/ágúst en fleygir ungar hafa sést til 27. ágúst.

Sílamáfur. Allalgengur varpfugl. Verpur í a.m.k. tveimur litlum vörpum ofan Vesturlandsvegar, í Foramýri neðan Fellsenda og milli Úlfarsár og Lambhaga. Stöku pör verpa neðan Vesturlandsvegar. Sumarið 1992 urpu á milli 30 og 40 pör í lyngmóum og holti milli Úlfarsár og Lambhaga. Árið eftir voru þar aðeins 6-10 hreiður og hefur sú tala haldist óbreytt síðan. Sumarið 1995 urpu 7 pör í Foramýri og 3 sunnan ár þar nærri. Skv. þessu hafa um 20 sílamáfspör orpið við Úlfarsá 1995. Sílamáfar fara að sjást við ofanverða Úlfarsá í síðari hluta apríl og setjast þeir upp í vörpunum fljótlega eftir að þeir koma. Þeir hverfa í september (síðasta athugun 27. september).

Silfuramáfur. Sjaldgæfur gestur. Fullorðinn fugl sást í hópi 25 sílamáfa við Leirtjörn 26. maí 1994.

Hvítamáfur. Sjaldgæfur gestur. Hinn 21. ágúst 1995 sást ungur fugl á flugi inn dalinn við Lambhaga og 17. september s.á. sást einn á flugi niður ána á svipuðum slóðum.

Svartbakur. Sjaldséður vetrargestur. Stakir ungfuglar hafa verið skráðir tvisvar sinnum: 15. nóvember 1993 sást einn á flugi við ána skammt ofan Vesturlandsvegar og 6. janúar 1996 annar á sömu slóðum.

Kríá. Algengur varpfugl. Kríur verpa í fimm litlum vörpum við ána, tölur yfir varppör eru frá 1995: 2 vörp á holtum vestan Foramýrar (4 og 5 pör), varp skammt vestan Úlfarsárþæjar (3 pör), varp austan Fossaleynisfossa (um 20 pör), varp austan í Keldnaholti (um 30 pör) og loks 2-3 dreifð pör. Samtals a.m.k. 60 pör. Krían kemur í fyrstu viku maí (5.-7. maí). Þær eru horfnar úr vörpunum um mánaðamótin júlí/ágúst.

Húsdúfa. Fremur sjaldséð á sumrin við efri hluta ár, en dúfur halda til í gömlu súrheysturnunum á Korpúlfsstöðum.

Brandugla. Sjaldgæfur gestur. Hinn 8. september 1994 sást brandugla elta smáfugla í garði milli Engis og Grátholts.

Landsvala. Sjaldgæfur flækingur. Í maí 1995 sást landsvala við Lambhaga (HÞ).

Þúfutittlingur. Algengur varpfugl í grónu landi með ánni. Í talningu í byrjun júní 1995 sáust 30 pör/fuglar með varpatferli við ána og 11 fuglar að auki. Þar af voru 18 pör ofan og 12 neðan Vesturlandsvegar. Aftur á móti sáust 24 pör/fuglar með varpatferli neðan Vesturlandsvegar þann 8. júlí, en sennilegt er að áin dragi að sér fugla með unga. Líklegt má telja að minnsta kosti 30-40 pör verpi við ána. Fyrstu þúfutittlingarnir sjást frá 20.-25. apríl. Eftir varp (í ágúst) eru þeir algengir og slæðingur sést í september en þeir hverfa um mánaðamótin september/október.

Mariuerla. Strjáll varpfugl. Tvö varppör komu fram í talningunum í byrjun júní 1995 og 2 pör með unga sáust við efri hlutann 3. júlí 1994, en vitað er um fleiri á húsum og mannvirkjum nærri ánni. Fyrstu mariuerlurnar sjást á tímabilinu 4.-8. maí, en síðasta athugun er frá 28. ágúst.

Músarrindill. Haust- og vetrargestur. Stakir fuglar hafa sést frá október til janúar.

Steindepill. Strjáll varpfugl og síðsumargestur. Tvenn hjón með varpatferli sáust við neðsta hluta árinna í byrjun júní 1995. Frá því síðast í júlí fram í miðjan ágúst sjást stundum ungir steindeplar í Lambhagahverfi. Steindepli hefur fækkað mjög á Innnesjum á síðustu áratugum (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 1994).

Skógarþröstur. Algengur varpfugl og haustgestur, en sjaldgæfur að vetrarlagi. Skógarþrestir verpa í trjágörðum, lundum, skurðbökkum og á húsum. Í talningunni í byrjun júní 1995 fundust 8 pör með varpatferli við ána. Fyrstu fuglarnir sjást á vorin í Lambhagahverfi frá 29. mars til 8. apríl og byrja þeir strax að syngja eða 1-2 dögum eftir komu. Yfir 15 pör verpa í hverfinu. Fuglarnir syngja síðan fram í byrjun júlí en algengt er að þrestirnir verpi tvisvar sinnu á sumri. Þann 5. maí er vitað um fyrsta hreiður sem fullorpið var í og síðustu ungar yfirgáfu hreiður 31. júlí. Í september og október eru þrestir algengir en þeir hverfa fyrir miðjan nóvember. Hinn 10. janúar 1995 sást þó einn í skurði við Korpúlfsstaði.

Hrafn. Fyrst og fremst vetrargestur, sést frá ágústlokum fram á vor. Oftast sjást hrafnar kvölds og morgna á leið til og frá náttstað í Esju, stakir eða í smáhópum (flestir 12). Þeir sjást oft í Lambhagahverfi, uppí 6 saman og koma stundum í æti.

Stari. Algengur allt árið. Starar verpa í húsum nærri ánni, t.d. 5-7 pör í Lambhagahverfi árlega. Á veturna leita starnir helst á varpstæðina í hlýindum. Tveir náttstaðir eru við ána, annar er í lundi á árbakkanum við Engi og er hann aðallega notaður frá júní til ágúst. Hinn er í gömlum súrheysturnum á Korpúlfsstöðum og er hann sennilega notaður allt árið.

Krossnefur. Sjaldgæfur flækingur. Í júní 1990 sáust 2 krossnefir við Lambhaga (HÞ), en þá gekk stærsta krossnefjaganga sem vitað er um yfir landið.

Auðnutittlingur. Allalgengur gestur og óreglulegur varpfugl. Hefur sést í öllum mánuðum nema febrúar - mars og júlí - ágúst og verpur hann óreglulega í trjágörðum. Oftast sjást stakir fuglar, pör eða smáhópar, allt að 20 fuglar.

Sportittlingur. Sjaldgæfur flækingur. Hinn 11. október 1993 sást kvenfugl þessarar tegundar við Stekk í Lambhagahverfi.

Snjótitlingur. Algengur vetrargestur. Það ræðst að árferði hversu mikið er af þeim. Þeir fyrstu sjást venjulega í nóvember - desember og síðasta athugun er skráð 4. apríl.

8. viðauki. Fuglar í Hamrahlíðalöndum

Hér er fjallað um landið sem afmarkast af Vesturlandsvegi að vestan, Hafravatnsvegi að sunnan og síðan hreppamörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkur að norðan og austan, þ.m.t. Leirtjörn. Svæðið sunnan Hafravatnsvegar að Úlfarsá fellur undir umfjöllun um Úlfarsá.

Fýll	Algengur á flugi yfir svæðið, enda verpur hann í Hamrahlíð, norðvestan í Úlfarsfelli.
Álft	Algengar á Leirtjörn þegar hún er auð og vatn er í tjörninni. Flestar voru skráðar 15. eða 26. maí 1995.
Grágæs	Sjást á Leirtjörn þegar skilyrði eru þau sem að ofan greinir. Flestar sáust 29. apríl 1995, alls 37. Hugsanlega verpa stöku pör á svæðinu, og leita síðan með ungana í mýrlendið við Úlfarsá.
Rauðhöfðaönd	Slæðingur af rauðhöfða sést á Leirtjörn á vorin eftir að ísa leysir. Hinn 30. apríl 1995 sáust 9 fuglar.
Stökkönd	Sést á Leirtjörn við ofangreind skilyrði. Verpur stöku sinnum á athugunarsvæðinu, hreiður fannst í lúpínusinu í Höllum 9. maí 1995.
Smyrill	Sést frá vori fram á haust, en er algengastur á haustin. Venjulega sjást aðeins stakir fuglar.
Fálki	Vetrargestur sem sækir í rjúpur í fjallinu.
Rjúpa	Algengur varpfugl. Þéttleiki rjúpna var mældur í maí 1995 og reyndist hann vera um 7 karrar á athugunarsvæðinu (Ólafur Karl Nielsen munnl. uppl.). Rjúpustofninn er nú á uppleið eftir lægð og má búast við talsvert meiri þéttleika þegar hámarki er náð.
Tjaldur	Slæðingur verpur neðan Úlfarsfells í lítt grónu landi, melum og holtum.
Sandlóa	Verpur í svipuðu landi og tjaldurinn.
Heiðlóa	Einn algengasti og útbreiddasti varpfuglinn í mólendinu.
Hrossagaukur	Algengur varpfugl í graslendi.
Jaðrakan	Hefur sést við Leirtjörn, en verpur ekki á athugunarsvæðinu svo kunnugt sé, enda vantar að mestu búsvæði hans sem er votlendi.
Spói	Mjög algengur varpfugl og einn af þremur algengustu mófuglunum ásamt heiðlóu og þúfutittlingi.
Stelkur	Verpur víða í graslendi neðan Úlfarsárhlíða.
Hettumáfur	Sést við Leirtjörn á vorin.
Stormmáfur	Sjást á vorin við Leirtjörn. Sumarið 1995 sáust fuglar sem greinilega áttu unga nærri sunnanverðum Höllum (sjá 5. viðauka).
Sílamáfur	Algengur varpfugl. Um 20 para varp var við NA-verða Halla sumarið 1995 og dreif undir og í hlíðum Úlfarsfells þar upp af. Eru algengir við Leirtjörn á vorin.
Silfuramáfur	Sjaldgæfur gestur, 26. maí 1994 var fullorðinn fugl með sílamáfi við Leirtjörn.
Kría	Algengur varpfugl, um 50 pör verpa á svipuðum slóðum og sílamáfarnir sem sagt er frá hér að ofan. Einnig er dreift varp meðfram hitaveitustokkunum vestan Halla.
Húsdúfa	Dúfnakofi er í Höllum og sjást dúfurnar oft á flugi þar nærri.
Þúfutittlingur	Algengasti mófuglinn ásamt með heiðlóu og spóa, verpur um allt svæðið.
Mariuerla	Verpur eitthvað við sumarbústaði og jafnvel á hitaveitustokkunum.
Steindepill	Strjálíngur verpur í urðum og skriðum í hlíðum Úlfarsfells.
Skógarþröstur	Verpur víða á Höllum, í trjálundum, kjarri og lúpínu.
Hrafn	Fyrst og fremst vetrargestur, sjást oftast á flugi á leið til og frá náttstað í Esju eða þar sem eitthvert æti er að fá.
Stari	Sjást oft í ætisleit á sumrin og verpa sennilega eitthvað í húsum á svæðinu.
Auðnutittlingur	Strjáll varpfugl, fugl með varpatferli sást í sumarbústaðagarði á Höllum. Hefur sést í sama garði að vetrarlagi (þrír 7. janúar 1996).
Snjótittlingur	Strjáll varpfugl á sömu slóðum og steindepill. Algengur vetrargestur.